


# HÉRAÐSSAMBAND ÞINGEYINGA



## ÁRSSKÝRSLA 2011

## Stjórn Héraðssambands Þingeyinga 2011 - 2012

**Formaður:** Jóhanna S. Kristjánsdóttir

**Varaformaður:** Birkir Þór Jónasson

**Ritari:** Halldóra Gunnarsdóttir

**Gjaldkeri:** Erla Bjarnadóttir

**Meðstjórnendur:** Hermann Aðalsteinsson

Birna Davíðsdóttir

**Varamenn í stjórn:** Hörður Benónýsson

Andri Hnikarr Jónsson

Sigurfljóð Sveinbjörnsdóttir

## Skýrsla stjórnar HSp



Kæru félagar.

Hjartanlega velkomin á ársþing HSp sem haldið er í Hnitbjörgum á Raufarhöfn 26. febrúar 2012. Nú verður stiklað á stóru á starfsemi stjórnar HSp árið 2011.

Á ársþungi 2011 komu inn nýir og ferskir stjórnarmenn, Olga Friðriksdóttir, Austra; Birna Davíðsdóttir, Bjarma; og Hermann Aðalsteinsson, Skákfélaginu Goðanum. Hermann var einnig í aðalstjórn hluta starfsárs 2010. Í varastjórn komu inn Hörður Þór Benónýsson, Eflingu; Andri Hnikarr Jónsson, Snerti; og Sigurfljóð Sveinbjörnsdóttir, Leifi heppna.

Stjórnin kom strax saman fyrsta fimmtudag í apríl og hefur fundað einu sinni í mánuði víðs vegar um starfssvæði HSp.

Nýr framkvæmdastjóri tók til starfa 1. apríl 2011 og er það Elín Sigurborg Harðardóttir. Hún hefur starfað í 40% starfi og haft opna skrifstofu fyrir félagsmenn alla miðvikudaga á skrifstofu HSp í íþróttamiðstöðinni á Húsavík.

Í byrjun júní var haldinn formannafundur, en var hann frekar illa sóttur og hefur stjórn HSp hugsað mikið um það hvernig hægt sé að efla félagsandann. Stjórnin hefur reynt að efla samstöðu og samhug meðal aðildarfélaganna og hvatt til samstarfs.

Í september var haldið fræðslukvöld fyrir aðildarfélögum sem hófst með kynningu frá Evrópu unga fólksins, þá var kennt á Felix félagakerfið og loks var stutt fræðsla um skilvirka fundi. Fræðslukvöldið var félögum að kostnaðarlausu og tókst vel, þó þátttaka hefði mátt vera meiri.

Stjórnarmenn HSp sóttu íþróttábing ÍSÍ, formannafund UMFÍ og sambandsþing UMFÍ, auk annarra óformlegri funda og samstarfs við UMFÍ og ÍSÍ.

Fimm nefndir voru starfandi á árinu, en það voru unglingslandsmótsnefnd, knattspyrnunefnd, sögu- og minjanefnd, landsmótsnefnd og almenningsíþróttanefnd. Einungis eitt ráð var starfandi sem slíkt á starfsárinu og var það frjálsíþróttaráð. Sundráð starfaði samkvæmt reglum nefnda og mun því verða að sundnefnd. Haldin voru héraðsmót í fjálsum og sundi, en héraðsmótið í fótbolta féll niður vegna dræmrar þáttöku.

HSp hélt meistaramót í glímu, 2. umferð, fyrir Glímusamband Íslands á Laugum í nóvember. Almenningsíþróttanefndin heldur utan um hin mörgu verkefni sem tengjast almenningsíþróttum, s.s. Lífshlaupið. Stjórnin tilnefndi tvö fjöll í verkefnið Fjölskyldan á fjallið og voru það Sandfell í Öxarfirði og Skollahnjúkur í Aðaldal. Þetta var gert í góðu samstarfi við Ferðafélagið Norðurslóð og gönguhópinn Áttavilltar, sem komu fyrir gestabókum á fjöllunum, sóttu þær aftur í haust og sáu að öðru leyti um verkefnið.

Sögu- og minjanefnd er byrjuð að vinna að söfnun og varðveislu gagna gamla HSp og UNP. Verið er að koma upp aðstöðu fyrir gagnageymslu á Laugum. Landsmótsnefndin er byrjuð undirbúning að þáttöku HSp á landsmóti UMFÍ á Selfossi 2013 og unglingslandsmótsnefndin hélt utan um allt sem viðkom þáttöku HSp á unglingslandsmótinu á Egilsstöðum 2011.

HSp fór með stóran og fríðan flokk á unglingslandsmót UMFÍ á Egilsstöðum og kom heim með fjölda verðlauna, auk tveggja unglingslandsmótsmeistara. HSp tjaldið var á sínum stað á tjaldsvæðinu og tengdi fólk saman, en mikilvægt er að hafa sameiginlega aðstöðu á svona stóru móti þar sem fólk getur sótt sér upplýsingar, aðstoðað hvert annað, sótt í félagsskap og

fleira. Það var ógleymanlegt atriði þegar hópur barna kom saman með gítar og samdi HSP lag og flutti í tjaldi HSP við mikinn fögnuð. Barna var flottur hópur barna og unglings sem fann sér margt til skemmtunar bæði innan sem utan tjaldsvæðis HSP.

Unglingalandsmótin hafa sannað sig sem ein mesta forvarnahátið landsins og langaði HSP til að taka þátt í því að halda eitt slíkt á komandi afmælisári félagsins, eða árið 2014. Formaður HSP og Hjálmar Bogi Haflidason, sveitarstjórnarmaður Norðurþings, fóru með vel undirbúna kynningu til að fylgja eftir umsókn HSP um unglalingalandsmót 2014 á fund stjórnar UMFÍ í júlí 2011 og var vel tekið. Unglingalandsmótið 2014 féll hins vegar ekki í skaut HSP, heldur til UMSS og voru það mikil vonbrigði að hálfa stjórnar HSP að fá ekki að halda unglalingalandsmótið á 100 ára afmælisári HSP. Fyrst HSP fær ekki unglalingalandsmótið þegar um svona merk tímamót er að ræða, þá er óvist að HSP fái brautargengi með sínar umsóknir um unglalingalandsmót UMFÍ fyrr en keppnisaðstaða hefur bæst til muna. Unglingalandsmótin virðast hafa færst á þá fáu staði á landinu sem hafa fullkomna íþróttaaðstöðu og því virðist sem upprunanlega hugmyndin um unglalingalandsmót hafa breyst verulega.

Það þýðir hins vegar ekki að gefast upp þó á móti blási og því liggur fyrir þinginu tillaga um að sækja um landsmót UMFÍ 50+ árið 2014.

Þrír sjóðir eru starfræktir undir merkjum HSP, það eru fræðslusjóður, afreksmannasjóður og aksturssjóður. Tveimur þeim síðari gekk erfiðlega að fjármagna sig á síðasta starfsári og kom það mest niður á afreksfólkini okkar. Vonandi verða vindarnir okkur hagstæðir á þessu starfsári, en vonir standa til að þessir sjóðir eflist og muni halda starfi sínu áfram. Það hefur reynst mörgum foreldrum ómetanlegt að geta sótt í aksturssjóðinn svo börn þeirra geti stundað íþrótt sína ef hún er ekki stunduð í heimafélaginu. Því er mikilvægt að ná inn góðum styrktaraðilum aftur í aksturssjóðinn, en Alcoa var stærsti styrktaraðilinn síðustu 3 árin, en nú þarf að finna nýjan.

Fræðslusjóður styrkti m.a. fjóra þáttakendur á Norrænu ungmennavikuna síðasta sumar, en þetta er frábært tækifæri fyrir ungt fólk á aldrinum 13 - 25 ára til að kynnast öðru ungu fólkí af Norðurlöndunum og taka þátt í skemmtilegum verkefnum á erlendri sem innlendri grund.

Aðal hlutverk héraðssambandsins felst í einkunnarorðunum „ræktun lýðs og lands“. Forvarnir skipa þar stóran sess, en það hefur sannað sig að þau börn sem stunda íþróttir eða annað skipulagt félagsstarf leiðast síður út í neyslu áfengis, tóbaks og eiturlyfja. HSP hefur tekið virkan þátt í forvarnastarfi á árinu 2011 á sviði áfengis- og tóbaksvarna, sem og eiturlyfjaförnum. Formaður HSP hélt fræðsluerindi í átakinu gegn kannabisnotkun „Bara gras“ og voru fyrirlestrar haldnir á Húsavík og Raufarhöfn. Jafnframt hefur formaður HSP verið með marga fyrirlestra fyrir grunn- og framhaldsskólanemendur í tengslum við tóbakið og ekki síst munntóbaksnotkun. Forvarnadagurinn var á sínum stað og bauð HSP fram aðstoð sína í skólum á starfssvæðinu.

Upp komu mál í tengslum við áfengisnotkun og sölu hjá aðildarfélögum sem HSP hafði afskipti af. Mikilvægt er að fylgja eftir stefnu UMFÍ og ÍSÍ um að leyfa ekki neyslu áfengis, tóbaks og eiturlyfja í tengslum við starf félagsins og ekki undir neinum kringumstæðum að starf aðildarfélaganna sé fjármagnað með sölu af áfengi. HSP mun fylgja þessum stefnum eftir og vonumst við til að aðildarfélögini geri það einnig.

Verkefnin eru ærin og mikilvægt er að við sameinumst um að vinna þau saman.

Kæru félagar, fyrir hönd stjórnar HSP þakka ég fyrir skemmtilegt og viðburðarík ár 2011 og hlakka til samstarfs á því nýja.

Jóhanna S. Kristjánsdóttir  
formaður HSP

## Afreksmannasjóður

Sjóðstjórn:

Jón Benónýsson

Sveinn Aðalsteinsson, Völsungi

Sóley Sigurðardóttir, Völsungi

## Aksturssjóður

Sjóðstjórn:

Sif Jóhannesdóttir, formaður

Vilborg Stefánsdóttir

Bergljót Þorsteinsdóttir

Eins og síðastliðin ár úthlutaði Aksturssjóður styrkjum fyrir 3 tímabil á árinu, janúar-máí, júní-ágúst og september-desember. Samtals var úthlutað 1.899.676 krónum á árinu.

Úthlutanirnar skiptust á eftirfarandi hátt á milli greina: frjálsar 488.745 kr., fimleikar 177.228 kr., knattspyrna 734.293 kr., körfubolti 22.974 kr., sund 32.820 kr., skíði 190.903 kr. og blak 99.554 kr. Fyrir ferðir þjálfara var greitt 153.160 kr.

Stjórn hefur ekki fundað á árinu og hefur starfsmaður HSP séð um úthlutanirnar. Ekki hefur verið farið í neitt á tak til að safna fé í sjóðinn. En fé það sem Alcoa Foundation setti í sjóðinn er nú nánast uppurið og þarf að leita eftir öðrum styrkjum ef halda á starsemi sjóðsins áfram. Nokkuð hefur boríð á því að fólk sækir um í sjóðinn sem uppfyllir ekki skilyrði til að fá styrk úr honum. Það er mikilvægt að forsvarmenn aðildarfélaga kynni sér reglur þær er um sjóðinn gilda til að geta leiðbeint fólk sem hefur hug á að sækja um. Þannig er hægt að spara foreldrum vinnu við umsóknir sem eiga ekki erindi í sjóðinn.

## Almenningsíþróttanefnd

Torfhildur Sigurðardóttir, Umf. Bjarma

Helen Jónsdóttir, Umf. Bjarma

Stefán Viðar Sigtryggsson, Umf. Leifi heppna

Almenningsíþróttanefndin kom saman í fyrsta skiptið í maí 2011. Hún náði ekki að hittast aftur á starfsárinu.

Við í nefndinni komum öll af fjöllum varðandi hvert hlutverk nefndarinnar ætti að vera. Engu að síður ákváðum við að finna út hvaða almenningsíþróttæflandi starfsemi færi fram á HSP svæðinu og sjá hvort að slíka starfsemi þyrfti að auglýsa betur. Við komumst að því heilmargt er í boði á flestum svæðum og með tilkomu blöðunga sem sendir eru út vikulega þá er starfsemin vel auglýst á svæðunum. Mun meira er um að vera yfir vetrarmánuðina en sumarmánuði, þess ber þó að geta að efling hefur orðið skipulögðum gönguferðum á sumrin. Ég tel að það þurfi að skilgreina betur hlutverk nefndarinnar og líta í þeim tilgangi á hvað aðrar slíkar nefndir í hinum félögunum tóku sér fyrir hendur á sínum svæðum.

Kær kveðja,  
Stefán Viðar

## Frjálsíþróttaráð

Formaður:

Friðrika Björk Illugadóttir, Umf. Efling

Meðstjórnendur:

Ágústa Pálsdóttir, Völsungur/ Umf. Eining

Gunnhildur Gunnsteinsdóttir

Hulda Elín Skarphéðinsdóttir, Umf. Eining

Sigþrúður Stella Jóhannesdóttir,

Umf. Leifur heppni

Æfingar í frjálsum eru stundaðar undir dyggri stjórn Jóns Benónýssonar (Bróa) á Laugum á sumrin þar sem iökendur á Húsavík og Kelduhverfi keyra sig 2x í viku. Yfirleitt fullir þrír bílar. Á veturna kemur Brói aftur 2x í viku í Íþróttahöllina á Húsavík og einnig höfum við verið með æfingar fyrir 9 ára og yngri. Í fyrra veturnar sá Ágústa Pálsdóttir um þær æfingar en í veturnar Selmdís Þráinsdóttir. Með þessu móti reynum við að nota sem best aðstöðuna sem er í héraðinu. Frábær æfinga- og keppnisvöllur á Laugum á sumrin og stærsta Íþróttahúsið á svæðinu á Húsavík á veturna.

Iökendum og afreksfólkinu okkar fer líka fjölgandi hér á svæðinu og erum við mjög stolt af því. Í dag eigm við fjóra í Úrvalshópi FRÍ (Frjálsíþróttasambands Íslands) unglings 14-22 ára. Auði Gauksdóttir í hástökki, Dagbjörtu Ingvarsdóttir í grindahlaupi og langstökki, Selmdís Þráinsdóttir í stangarstökki og Brynjar Örn Arnarsson í grindahlaupi. Brynjar náði einnig lágmörkum í Afrekshóp FRÍ. Frábær árangur hjá okkar unga keppnisliði.

Í ársskýrslu er vert að rifja upp það helsta sem var á döfinni hjá okkar frábæra HSP frjálsíþróttafólki á árinu.

HSP sendi keppendur á flest öll Meistaramót Íslands bæði utanhúss og innanhúss. Flestir keppendur voru í yngri flokkum en við búum enn að því að eiga eldri keppendur og fyrirmyn dir. Þorsteinn Ingvarsson keppti framan af árinu og varð Íslandsmeistari innanhús í langstökki en glímdi svo við meiðsli það sem eftir var árs. Sigurbjörn Árni keppt í sumar og varð Íslandsmeistari í 1500 m.

Hafdís Sigurðardóttir var í góðu formi í sumar og bætti fyrri árangur sinn. Í júní tók hún þátt á Smáþjóðaleikum í Lichtenstein með landsliði Íslands en þar keppti hún í 100m hlaupi, langstökki og 4x100m boðhlaupi. Á mótinu bætti hún sig í 100m er hún hljóp á tímanum 12.15 sek en hennar fyrri tími var 12.48 sek. Hún bætti sig einnig í langstökki þegar hún stökk 6.09 m en það stökk tryggði henni 3. sæti. Íslenska sveitin með hana innanborðs hreppti svo brons í boðhlaupi. Hafdís keppti einnig á heimsleikum unglings í Gautaborg en þar náði hún mjög góðum árangri í langstökki þegar hún stökk 6.32 m. Það dugði henni í annað sæti en því miður var vindur of mikill til að stökkið teldist löglegt. Hafdís keppti fyrir hönd HSP á Meistaramót Íslands sem fram fór helgina 22.-24. júlí. Þar sigraði hún þrefalt; í 100m, 200m og langstökki. Hún átti einnig besta afrek mótsins í kvennaflokkni en hún hljóp 100m á 11,96 sek en það gaf 1020 stig. Í janúar skipti Hafdís svo yfir í UFA þar sem þjálfari hennar er og þökkum við Hafdísi fyrir veruna hjá okkur og er hún ætíð velkomin aftur.

HSP átti 21 keppenda á Stórmóti ÍR og unnu þeir til 5 gullverðlauna, 3 silfurverðlauna og 7 bronsverðlauna. Á MI 11-14 fóru 11 keppendur og varð Elvar Baldvinsson Íslandsmeistari í grindarhlaupi, en einnig komu 4 silfur og 2 brons í hús. MI 15-22 kepptu 3 keppendur og þar fengum við einn íslandsmeistara Dagbjörtu í langstökki.

Um 60 keppendur voru á innanhúsmóti HSP á Húsavík í apríl þar sem keppendur voru allir innan héraðs. Ekkert varð af Frjálsíþróttaskóla UMFÍ á Laugum þetta árið.

Sumarið fór svo hægt af stað hjá yngri kynslóðinni, hvort sem það var köldu vorveðri um að kenna eða einhverju öðru. Segja má að mótavertið sumarsins hafi hafist á Meistaramót Íslands 11-14 ára sem var að þessu sinni haldið í Vík í Mýrdal í lok júní en þar átti HSP aðeins tvo keppendur. Á mótinu náði Bjargey Ingólfssdóttir 3. sæti í grindahlaupi.

Sumarleikar HSP voru haldnir helgina 2.-3. júlí í hinu besta veðri og tókust þeir mjög vel. Þar mættu til leiks 159 keppendur frá 7 félögum, þar af 32 frá HSP. Krakkarnir okkar stóðu sig með mikilli prýði þar sem þau komu heim með 25 gull, 21 silfur og 20 brons. Það er gaman að sjá hvað Sumarleikar HSP skipa orðið stóran sess hjá frjálsíþróttafélögum á Norðurlandi en mörg þeirra fjölmenna á mótið.

Unglingalandsmóti UMFÍ var haldið á Egilsstöðum um Verslunarmannahelgina og þar átti HSP 40 keppendur í ýmsum greinum, þar á meðal frjálsum íþróttum. Frjálsíþróttakrakkarnir okkar stóðu sig vel og komu heim með 1 gull, 6 silfur og 7 brons. Elvar Baldvinsson sigraði þar í hástökki með stökk upp á 1,68m. Þá hæð átti hann síðan eftir að bæta síðar um sumarið með stökk uppá 1,70m á lokamóti HSP á Laugum í byrjun september.



Kampakátir keppendur HSP ásamt þjálfara í Bikarkeppninni

sæti með 126 stig. Frábær árangur hjá ungu liði HSP. Með árangri sínum í grindahlaupi náði Brynjar þeim árangri að komast í Afrekshóp FRÍ. Glæsilegt hjá honum.

Helgina 27.-28. ágúst var Meistaramót Íslands 15-22 ára haldið á Akureyri. Þar átti HSP sex keppendur sem komu heim með 5 gull, 4 silfur og 4 brons. Á mótinu vann Dagbjört Ingvarsdóttir eitt besta afrek mótsins er hún sigraði langstökk í sínum aldursflokk með stökk upp á 5,27 m.

Í byrjun september var lokamót sumarsins haldið á Laugum. Mótið var stutt en aðeins var keppt í fáum greinum. Þar gafst keppendum tækifæri að bæta sig enn frekar í lok sumars og kveðja sumarið með stael. Í lok móts voru einnig veitt verðlaun fyrir besta árangur stulkna og pilta á Sumarleikum HSP. Þau verðlaun komu í hlut Elvars Baldvinssonar fyrir langstökk og grindahlaup eða 947 stig og Dagbjartar Ingvarsdóttur fyrir 80m grind eða 1058 stig. Eftir mótið var haldin pylsuveisla og að lokum farið í sund. Góður endir á frábæru frjálsíþróttasumri. Ein breyting varð á ráðinu í lok árs en Gunnhildur Gunnsteinsdóttir hætti eftir nokkurra ára setu í ráðinu þökkum við henni kærlega fyrir vel unnin störf og bjóðum um leið Örn Ásgeirsdóttur Völsungi velkomna til starfa.

Um leið og við endum þessa samantekt á liðnu ári viljum við þakka þjálfurum okkar fyrir árið og þá sérstaklega Bróa fyrir hans frábæra og ómetanlegt starf, foreldrahópnum fyrir vel unnin störf á mótum ársins en án hans er þetta ekki hægt og svo öllum sem hafa styrt okkur á árinu.

Sunnudaginn 21. ágúst var Bikarkeppni FRÍ, 15 ára og yngri haldin í Kaplakrika í Hafnarfirði. HSP sendi þangað sterkt lið en alls tóku þátt 10 lið. Lið HSP stóð sig frábærlega en lið þeirra í piltaflokki sem skipað var þeim Brynjari Arnarsyni, Elvari Baldvinssyni, Freyþór Harðarsyni, Hjörvari Gunnarssyni og Snaebjöri Aðalsteinssyni varð í öðru sæti í stigakeppninni með 69 stig en ÍR sigraði með 95 stigum. Lið okkar í stulknaflokk sem skipað var þeim Dagbjörtu Ingvarsdóttur, Auði Gauksdóttur, Kristínu Kjartansdóttur, Jönu Björg Róberts dóttur og Bjargey Ingólfssdóttur varð í sjötta sæti með 57 stig en þar sigraði FH með 76 stigum. Í samanlögðum flokki varð lið HSP í fjórða sæti með 126 stig. Frábær árangur hjá ungu liði HSP. Með árangri sínum í grindahlaupi náði Brynjar þeim árangri að komast í Afrekshóp FRÍ. Glæsilegt hjá honum.

Helgina 27.-28. ágúst var Meistaramót Íslands 15-22 ára haldið á Akureyri. Þar átti HSP sex keppendur sem komu heim með 5 gull, 4 silfur og 4 brons. Á mótinu vann Dagbjört Ingvarsdóttir eitt besta afrek mótsins er hún sigraði langstökk í sínum aldursflokk með stökk upp á 5,27 m.

Í byrjun september var lokamót sumarsins haldið á Laugum. Mótið var stutt en aðeins var keppt í fáum greinum. Þar gafst keppendum tækifæri að bæta sig enn frekar í lok sumars og kveðja sumarið með stael. Í lok móts voru einnig veitt verðlaun fyrir besta árangur stulkna og pilta á Sumarleikum HSP. Þau verðlaun komu í hlut Elvars Baldvinssonar fyrir langstökk og grindahlaup eða 947 stig og Dagbjartar Ingvarsdóttur fyrir 80m grind eða 1058 stig. Eftir mótið var haldin pylsuveisla og að lokum farið í sund. Góður endir á frábæru frjálsíþróttasumri. Ein breyting varð á ráðinu í lok árs en Gunnhildur Gunnsteinsdóttir hætti eftir nokkurra ára setu í ráðinu þökkum við henni kærlega fyrir vel unnin störf og bjóðum um leið Örn Ásgeirsdóttur Völsungi velkomna til starfa.

Um leið og við endum þessa samantekt á liðnu ári viljum við þakka þjálfurum okkar fyrir árið og þá sérstaklega Bróa fyrir hans frábæra og ómetanlegt starf, foreldrahópnum fyrir vel unnin störf á mótum ársins en án hans er þetta ekki hægt og svo öllum sem hafa styrt okkur á árinu.

## Fræðslusjóður

Stjórn HSP annast úthlutanir úr fræðslusjóði. Markmið sjóðsins er að auka menntun og þekkingu félaga innan HSP á íþróttagreinum, þjálfun, í félagsmálum og félagsstarfi, með öllum þeim ráðum sem stjórn sambandsins álítur íþróttá- og félagslífi í héraði til framdráttar.

Eftirtaldir fengu styrk úr fræðslusjóði árið 2011:

Unnar Þór Garðsson Íþf. Völsungi vegna þjálfaranámskeiðs í knattspyrnu í Englandi.

Jóhann Kr. Gunnarsson Íþf. Völsungi vegna þáttöku í þjálfaranámskeiði í Englandi gegnum KSÍ.

Erna Sigrún Valgeirsdóttir Umf. Bjarma, Gunnhildur Björnsdóttir Umf. Bjarma, Rakel Brá

Siggeirsdóttir Umf. Langnesinga og Þórunn Nanna Ragnarsdóttir Umf. Austra vegna þáttöku í norrænni ungmannaviku NSU.

Valdís Jósefsdóttir Íþf. Völsungi vegna þjálfaranámskeið hjá ÍSÍ, 1. og 2. stig.

## Landsmótsnefnd vegna landsmóts UMFÍ 2013

Nefnd til að undirbúa þáttöku HSP í landsmóti UMFÍ á Selfossi sumarið 2013 var kjörin á ársþingi 2011. Í nefndinni eru Ingólfur Víðir Ingólfsson Umf. Einingunni, Kristján Þ. Halldórsson, Umf. Snerti og Halldóra Gunnarsdóttir, Umf. Langnesinga.

Nefndin hefur haldið two fundi. Á fyrri fundinum, sem haldinn var í brekkunni á Vilhjálmsvelli á Egilsstöðum á ULM sl. sumar voru helstu línlínur lagðar um verkefnið. Á fundinn kom einnig formaður framkvæmdanefndar mótsins, Þórir Haraldsson og fræddi nefndarmenn um ýmislegt varðandi mótið og mótsstaðinn. Seinni fundurinn var símafundur.

Nefndin vill stefna á þáttöku í sem flestum greinum sem iðkaðar eru á sambandssvæði HSP, en þó hafa raunsæið með í för. Ljóst er að verkefnið er kostnaðarsamt og hefur nefndin gert áætlanir um fjárlöfun vegna þess. Í stigakeppninni leggur nefndin til að horft verði til sambanda af svipaðri stærð og HSP, þá helst keppt við nágranna okkar til austurs og vestur. Stefnt skuli að því að landsmótsferðin og þátttakan verði félagslegur og eftirminnilegur viðburður fyrir þátttakendur.

Svo virðist sem landsmótshefðin hafi að einhverju leyti tapast á síðustu árum í Þingeyjarsýslu og vill nefndin því leggja mikið í kynningarstarf, til að fá sem flesta til að taka þátt og leggja leið sína á Selfoss 4. – 7. júlí 2013.

Nýlega bárust upplýsingar frá Selfossi um greinarnar sem keppt verður í. Það eru **badminton**, **blak**, **boccia**, **borðtennis**, **bridds** (senda má tvö lið\*\*), **dans**, **fimleikar**, (senda má tvö lið\*\*), **frjálsíþróttir**, **glíma**, **golf**, **götuhlaup 10 km** (opin þátttaka\*), **handknattleikur**, **hestaíþróttir**, **íþróttir fatlaðra**, **júdó**, **knattspyrna**, **kraftlyftingar**, **körfuknattleikur**, **mótorkross**, **pútt** (golf), **skák** (senda má tvö lið\*\*), **skotfimi**, **starfsíþróttir**, **sund** og **taekwondo**.

Úr 5. grein reglugerðar um landsmót

\*\*Mótshaldara er heimilt að auglýsa ótakmakaða þáttöku í einstökum greinum, þar sem höfðað er til fjöldaþáttöku. s.s. í almenningsshlaupum."

\*\*\*Þá er mótshaldara heimilt að leggja til að fleiri en eitt lið megi taka þátt í liðakeppni, þar sem aðstæður leyfa.

Ath.

Stjórn UMFÍ á eftir að afgreiða tillögu nefndarinnar. Því verður að birta ofangreinda samþykkt um heimild til að senda tvö lið í bridds, fimleikum og skák með fyrirvara.



27. LANDSMÓT  
UMFÍ

## **Knattspyrnunefnd**

Yngvi Ragnar Kristjánsson, Mývetningi  
Þorsteinn Þormóðsson, Íþf. Magna  
Guðmundur Jóhannsson, Umf. Langnesinga

EKKI TÓKST AÐ HALDA HÉRAÐSMÓT Í KNATTSPYRNU Á ÁRINU 2011, EN MÓT Í FLOKKUM 12 ÁRA OG YNGRI VAR HALDIÐ Á HÚSAVÍK NÚ Í BYRJUN FEBRÚAR 2012 OG TÓKST VEL. VONANDI ÁRAR BETUR Á ÞESSU ÁRI.

## **Sundnefnd**

Elísabet Sigurðardóttir, formaður, Völsungi  
Járnbrá Björg Jónsdóttir, Eflingu  
Margrét Magnúsdóttir  
Margrét G Þórhallsdóttir

Sundstarfið hefur verið með hefðbundnu sniði þetta árið.  
Sundmótin sem voru keppt voru á eru:  
Páskamót á Húsavík 14. apríl.  
Lionsmót Ránar á Dalvík 14. maí.  
17. júnímót á Húsavík og var uppskeruhátið haldin eftir mótið.  
Unglingalandsmót á Egilstöðum 29 .– 31. júlí.  
Sprengimót Óðins í september.  
Héraðsmót í október

Okkur var boðið á Hrafnagil helgina 4.-6. febrúar á æfingabúðir hjá sundfélaginu Samherja í Eyjafirði og endurtókum við þann leik helgina 14.-16 . október á Laugum. Þá héldum við æfingabúðir fyrir okkar börn og buðum Samherja að koma og vera með, þarna hittust um 55 börn æfðu sund og skemmtu sér saman, óhætt er að segja frá því að á Laugum er frábær aðstaða til hittast í hverskonar æfingabúðir og var afar vel tekið á móti okkur þar.

Héraðsmótið í sundi var haldið 8. október, keppendur komu frá Völsungi, Eflingu og Geisla. Völsungur vann stigakeppnina. Stigahæst í kvennaflokki var Valdís Jósefsdóttir frá Völsungi, og stigahæstur í karlaflokki var Starkaður Snær Hlynsson frá Eflingu.

Verðlaunaafhending fyrir héraðsmótið fór fram á Húsavík 26. október, þar mættu börnin borðuðu saman pizzu og skemmtu sér saman.

Sundmaður Völsungs var valin Valdís Jósefsdóttir og var hún einnig valin sundmaður HSP. Æfingar eru á Laugum tvisvar í viku og sér Snæfríður Arnardóttir um æfingarnar þar og æfa 13 börn frá Eflingu og Geisla og koma Völsungar með þeim á æfingar einu sinni í viku. Yfirþjálfari er Árný Björnsdóttir íþróttakennari og heldur hún utan um allar æfingar á svæðinu, henni til aðstoðar við þjálfun á Húsavík eru Valdís Jósefsdóttir og Valgerður Jósefsdóttir. Á Húsavík æfa um 30 börn, og má geta þess að í yngri hópnum æfa nú 23 börn og er því mikil fjör og gaman tvisvar í viku þegar þessi hópur æfir og ljóst er að sundlaugin annar vart fleiri börnum á æfingu í einu og að þörfin fyrir stærri sundlaug er mikil.

**Fyrir hönd sunddeildar Völsungs og sundnefndar HSP**  
**Elísabet Sigurðardóttir**

## Sögu- og minjanefnd

Björn Ingólfsson, Íþf. Magna

Arngrímur Geirsson, Mývetningi

Brynjar Halldórsson, Umf. Öxarfjarðar

Haraldur Bóasson, Umf. Eflingu

Til vara:

Hólmfríður Halldórsdóttir, Umf. Snerti

Nefndin kom saman 30.maí 2011 á Laugum og fór yfir þau verkefni sem henni er ætlað að vinna. Ákveðið að fara yfir öll gögn og hluti sem eru í geymslu á Laugum og koma því sem hefur söfnunargildi fyrir í gömlu skrifstofu HSP sem er undir stúku íþróttahússins á Laugum. Þá munu fulltrúar gömlu UNP koma með gögn í Laugar. Talsverð vinna er að koma aðstöðunni upp og mun formaður sjá um það og síðar mun nefndin koma saman yfir helgi og hefja þessa vinnu.

Vegna mikilla anna komst nefndin ekki í verkið í haust en mun hefja vinnuna helgina 25 og 26 febrúar.

**Haraldur Bóasson form. Sögu – og minjanefndar**

## Unglingalandsmótsnefnd

Unglingalandsmótsnefnd HSP árið 2011:

Aðalsteinn Örn Snæþórsson

Örn Logi Hákonarson

Birkir Þór Jónasson

Unglingalandsmót UMFÍ var haldið á Egilsstöðum 29.-31. júlí 2011. Mótið var mjög vel heppnað enda veður gott allan tímann. Alls kepptu um 40 einstaklingar undir merkjum HSP á mótinu og voru þeir allir félagi sínu til mikils sóma bæði utan vallar sem innan. Keppnisgreinar voru margar og fjölbreyttar en HSP átti keppendur í frjálsum íþróttum, sundi, glímu, mótkrossi og fótbolta.

Unglingalandsmótsnefnd sá um tjaldbúðir HSP sem voru við Egilsstaðaflugvöll.

Samkomutjaldið var reist á miðju tjaldbúðasvæðinu og þar var ávallt hægt að fá heitt kakó eða kaffi. Ekki var um neinar sameiginlegar máltíðir að ræða þetta árið heldur sá hver um sig.

Foreldrar komu hins vegar með bakkelsi í samkomutjaldið sem var maulað á kvöldin eftir keppni. Það er álit unglingalandsmótsnefndar að þetta fyrirkomulag henti mun betur en að vera með sameiginlegar máltíðir í tjaldinu fyrir keppendur. Keppendur eru með foreldrum eða öðrum fullorðnum á svæðinu og komast í fæði. Það er því óþarfi að fara út í þá miklu vinnu og skipulagningu sem sameiginlegar máltíðir hafa í för með sér.

Nægur afgangur var af brosbolum frá fyrra ári og því þurfti ekki að láta prenta fleiri en bolirnir setja góðan svip á hópinn við mótssetningu. Stéttarfélagið Framsýn hefur styrkt HSP vegna þessa móts og fengið auglýsingu á bolinn í staðinn og kann unglingalandsmótsnefnd því bestu þakkir fyrir.

**Aðalsteinn Örn Snæþórsson**

H.S.P

Héraðssamband Þingeyinga

Ársreikningur 2011

## Áritun skoðunarmanna

Ársreikningur þessi fyrir Héraðssamband Þingeyinga fyrir árið 2011 hefur verið skoðaður og ekkert fundist athugavert.

Leggjum við því til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Laugum dags 11/12 2012

Kristján Jóhannesson

Jón Þ. Ólafsson

# Áritun stjórnar H.S.P

Staðfesting ársreikningsins.

Stjórn Héraðssambands Þingeyinga, staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2011 með undirritun sinni.

Húsavík  
Laugum dags 22/2 2012

Í stjórn Héraðssambands Þingeyinga

Jóhanna S. Kortjáard.  
Birkir Þór Þorsteinsson  
Erla Bjarnad.

# Rekstrarreikningur 2011

## Sameinaðar deildir

---

**Rekstrartekjur:**

	<b>2011</b>	<b>2010</b>
Lottó UMFÍ	3.031.755	2.664.746
Lottó ÍSÍ	2.008.606	1.858.253
Viðbót lottó v/afmælis og ósóttir vinningar	707.698	48.045
Æfingargjöld frjálsar	963.188	932.528
Skráningargjöld/ýmis mótt	336.921	754.100
Styrkir Dagatöl /frjálsar	705.200	395.400
Styrkir sveitarfélaga	2.487.748	1.333.600
Styrkir ýmsir	609.647	2.507.203
Skólagjöld	-	372.444
Skattar félaga	1.051.600	1.123.200
Vörusala	139.760	62.500
Tækjaleiga	55.000	25.000
Aðrar tekjur	-	91.500
	<b>12.097.123</b>	<b>12.168.519</b>

**Rekstrargjöld:**

Yfirstjórn	4.539.098	4.433.036
Þjálfun og kennsla	1.600.750	1.506.000
Gjöld deilda:	695.218	1.176.266
frjálsar	625.828	
knattspyrni	-	
sund	40.000	
skíði	29.390	
Lottó til félaga	4.595.810	3.618.399
gjöld sumarleikar	95.565	112.703
Vörukaup Heson fatn. Ofl.	513.985	193.897
	<b>12.040.426</b>	<b>11.040.301</b>
	<b>56.697</b>	<b>1.128.218</b>

**Hag/Tap án fjármagnsliða**
**Fjármagnsliðir**

Vaxtatekjur	50.174	97.437
Vaxtagjöld	- 25.877	- 46.419
	<b>24.297</b>	<b>51.018</b>

**Hag/Tap ársins**

80.994	1.179.236
--------	-----------

RJ  
16.2

# Rekstrarreikningur 2011

## Aðaldeild HSP

---

**Rekstrartekjur:**

	<b>2011</b>	<b>2010</b>
Lottó UMFÍ	3.031.755	2.664.746
Lottó ÍSÍ	2.008.606	1.858.253
Lottó viðbót /ósóttir vinningar	707.698	48.045
Styrkir ýmsir	589.647	1.530.568
Styrkir sveitarfélagið	2.487.748	1.333.600
Styrkir í afreksmannasjóð	-	800.000
Skattar félaga	1.051.600	1.123.200
Aðrar tekjur	55.000	25.000
	<b>9.932.054</b>	<b>9.383.412</b>

**Rekstrargjöld:**

Yfirstjórn	4.540.394	4.531.603
Lottó til félaga	4.595.810	3.618.399
Eignayfrifærsla til Þingeyjarsv.		
Afskriftir ( uppsöfnun )	9.136.204	8.150.002
	<b>795.850</b>	<b>1.233.410</b>

**Hag/Tap án fjármagnsliða**
**Fjármagnsliðir**

Vaxtatekjur	27.497	97.437
Vaxtagjöld	- 17.135	- 35.043
	<b>10.362</b>	<b>62.394</b>
	<b>806.212</b>	<b>1.295.804</b>

**Hag/Tap ársins**


# Rekstrarreikningur 2011

## Frjálsíþróttadeild HSÞ

---

**Rekstrartekjur:**

	<b>2011</b>	<b>2010</b>
Æfingargjöld frjálsar	963.188	932.528
Skráningargjöld/landsmót	336.921	754.100
Styrkir Dagatöl /frjálsar	705.200	395.400
Styrkir sveitarfélaga	20.000	176.635
Styrkir ýmsir	-	372.444
Skólagjöld	139.760	62.500
Vörusala	-	-
Tækjaleiga	-	-
Aðrar tekjur	91.500	
	<b>2.165.069</b>	<b>2.785.107</b>

**Rekstrargjöld:**

Stjórnunar kostnaður	6.761	145.848
Skráning frjálsar	124.250	652.218
Sumarleikar/Landsmót	207.437	166.738
Verðlaun-viðurk. Blóm	125.985	226.718
Vörukaup	496.084	193.897
kostnaður frjálsar	24.968	54.880
Prentun dagatöl	317.987	-
þjálfun / kennsla	1.600.750	1.450.000
	<b>2.904.222</b>	<b>2.890.299</b>

**Hag/Tap án fjármagnsliða**

-	739.153	-	105.192
---	---------	---	---------

**Fjármagnsliðir**

Vaxtatekjur	22.677	-
Vaxtagjöld	8.742	- 11.376
	<b>13.935</b>	<b>- 11.376</b>

**Hag/Tap ársins**

-	725.218	-	116.568
---	---------	---	---------

K.H.  
Upð.

# Efnahagsreikningur 31. desember 2011

## Eignir

Fastafjármunir	2011	2010
Mannvirkni		
Áhöld og tæki	1.184.273	1.184.273
Kerra yfirbyggð	270.000	270.000
	<u>1.454.273</u>	<u>1.454.273</u>
Veltufjármunir		
Viðskiptakröfur	381.060	- 2.899.114
ógr. V/lottó 2010	- 3.280.174	- 2.899.114
Handbært fé		
	<u>2.982.706</u>	<u>2.522.496</u>
	<u>83.592</u>	<u>- 376.618</u>
<b>Eignir samtals</b>	<b><u>1.537.865</u></b>	<b><u>1.077.655</u></b>

K-17  
K-18

## Efnahagsreikningur 31. desember 2011

### Eigið fé og skuldir

Eigið fé	2011	2010
Óráðst. eigið fé 01.01.	2.239.172	1.059.936
Birgðir 31.12	-	-
Hag /Tap ársins	80.994	1.179.236
	<b>2.320.166</b>	<b>2.239.172</b>

### Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir	-	1.131.660	-	527.002
Inneign/skuld VSK		-		-
ógreiddur kostnaður		119.631		63.970
Ógreitt v/starfsfóks		229.728		88.194
	<b>-</b>	<b>782.301</b>	<b>-</b>	<b>374.838</b>

Skuldir og eigið fé samtals	<b>1.537.865</b>	<b>1.864.334</b>
-----------------------------	------------------	------------------

KJF  
Kpt.

# Aksturssjóður

Héraðssambands Þingeyinga

Ársreikningur 2011

## Áritun skoðunarmanna

Ársreikningur þessi fyrir Aksturssjóð Héraðssamband Þingeyinga fyrir árið 2011 hefur verið skoðaður og ekkert fundist athugavert.

Leggjum við því til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Laugum dags 11/2 2012

Kristján S. Jóhannesson

Jón P. Óskarsson

# Áritun stjórnar Aksturssjóðs H.S.P

Staðfesting ársreikningsins.

Stjórn Aksturssjóðs Héraðassambands Þingeyinga, staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2011 með undirritun sinni.

Húsark  
Laugum dags 22/2 2012

Í stjórn Aksturssjóðs H.S.P.

Sif Jóhannesdóttir

Jóhanna S. Kártjánsdóttir

Elin S. Harðardóttir

# Rekstrarreikningur 2011

Rekstrartekjur:	2011	2010
Styrkur Alcoa	-	-
Styrkur ríkisins	-	-
Bakf. Styrkir sveitarfél. V08'09	-	2.162.000
Styrkur sveitarfél. Skútust.hr.	149.600	500.000
Styrkur kvenfélaga	-	-
Vinnuframlag HSÞ	43.604	184.465
Landsbanki Íslands	-	200.000
	193.204	1.277.535
Rekstrargjöld:		
Bifreiðastyrkur einstaklinga	1.238.463	1.287.888
Akstursstyrkur íþróttafélaga	867.378	1.071.437
Tryggingagjald	182.154	103.476
Annar kostnaður	101.494	153.039
	2.389.489	2.615.840
Hag/Tap án fjármagnsliða	-2.196.285	-3.893.375
Hag/Tap ársins	-2.196.285	-3.893.375

K.H.  
alib.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2011

---

### Eignir

2011      2010

#### Veltufjármunir

Viðskiptakröfur	-	-
Handbært fé	863.836	2.892.414
	<hr/> <u>863.836</u>	<hr/> <u>2.892.414</u>

#### Eignir samtals

---

863.836      2.892.414

KTP  
JPD.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2011

### Eigið fé og skuldir

Eigið fé	2011	2010
Óráðst. eigið fé 01.01.	2.892.414	6.785.789
Hag /Tap ársins	- 2.196.285	- 3.893.375
	<u>696.129</u>	<u>2.892.414</u>

### Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir ógreitt v/starfsfólks skammtímaskuldir	167.707
	-

Skuldir og eigið fé samtals	<u>696.129</u>	<u>2.892.414</u>
-----------------------------	----------------	------------------

K.H.  
J.P.O.

## Akstursíþróttafélag Mývatnssveitar

Árið 2011 var stjórn félagsins þannig skipuð:

Formaður: Stefán Gunnarsson

Gjaldkeri: Kristján Steingrímsson

Ritari: Yngvi Ragnar Kristjánsson

Samkvæmt Felix, félagakerfi ÍSÍ eru nú samtals 40 félagar í Akstursíþróttafélaginu.

Félagið stendur þokkalega fjárhagslega og er skuldraust. Stærstu verkefni félagsins á árinu snerust um keppnishald, þátttöku í akstursíþróttamótum og rekstur motocrossbrautar.

Félagið sá í janúar um framkvæmd 1. umferðar Íslandsmótsins í Íscrossi og um miðjan mars fór fram stórt akstursíþróttamót þar sem keppt var í 3. og síðustu umferð Íslandsmótsins í Íscrossi. Félagið stóð fyrir bikarmóti í SCC – SnoCrossCountry keppni á vélsleðum sem tókst með eindænum vel og voru keppendur mjög ánægðir. Ákveðið var á formannafundi MSÍ á haustmánuðum að keyra þrjár umferðir í SCC til Íslandsmeistara árið 2012. Allt keppnishaldið fór fram í samstarfi við MSÍ og Björgunarsveitina Stefán í Mývatnssveit. Uppskera Akstursíþróttafélagsins af vetraríþróttum varð ríkuleg, en Signý Stefánsdóttir varð Íslandsmeistari í Íscrossi í kvennaflokk, í 2. sæti varð Andrea Dögg Kjartansdóttir og í 3. sæti varð Ásdís Elva Kjartansdóttir. Jón Ásgeir Þorláksson varð í öðru sæti til Íslandsmeistara í opnum flokki.

Er leið að sumri kom að keppni á vegum MSÍ í enduro og motocrossi. Nokkrir félagar Akstursíþróttafélagsins keppa í þessum íþróttagreinum og fór keppnishaldið fram víðsvegar um landið. Uppskera Akstursíþróttafélgsins af summaríþróttunum varð einnig ríkuleg, Signý Stefánsdóttir varð Íslandsmeistari í Enduro Kvennaflokk og Jónas Stefánsson varð í öðru sæti til Íslandsmeistara í Enduro ECC 2. Um verslunarmannahelgi stóð UMFÍ fyrir unglingslandsmóti á Egilsstöðum, en AM átti að þessu sinni enga keppendur á mótinu.

Í ágústbyrjun fóru tveir félagar AM til Finnlands til keppni í heimsmeistaramótinu í Enduro ISDE Sixdays, en sú skemmtilega staða kom upp að feðgarnir Jónas Stefánsson og Stefán Gunnarsson voru báðir valdir í íslenska landsliðið. Þetta var frumraun Íslendinga í þessari keppni, en eingungis 3 af 6 manna landsliði Íslands luku keppni, en þeir feðgar luku einmitt báðir keppni. Félagarnir Kristján Steingrímsson og Ómar MH Zarioh fóru með landsliðinu sem vélvirkjar og unnu ómetanlegt starf.

Motocrossbraut félagsins við Svörtuborgir var í töluverðri notkun yfir sumartímann og þarf ekki að fara mörgum orðum um hve mikil lyftistöng það hefur verið fyrir félagið að hafa nú æ fingaaðstöðu heima í héraði.



## Golfklúbbur Húsavíkur

### Katlavöllur

Vorið virtist koma snemma, og í apríl voru kylfingar að spila golf flestalla daga bæði á aðalvelli og 6 brauta vellinum, særir með sig.

En það var ekki svo, að vetrarveður hefðu sagt skilið við okkur, því að í maí og fram í júní snjóði hvað eftir annað þannig að jörð var hulin snjó, látlaus kuld og einnig miklar rigningar. Vélar og tæki voru því ekki ofnotuð þann tíma. Reyndu starfsmenn að finna sér einhver verkefni en var oft ekkert hægt að aðhafast vegna ótíðarinnar.

Við sluppum þó mikið betur við kal og skemmdir á vellinum miðað við það sem nágrannar okkar á Norðurlandi máttu þola og gagna í gegn um. Völlurinn tók vel við sér þegar hlýnaði seint og um síðir, og var hann alveg í góðu standi í júlí og sér í lagi fínn í ágúst.

Það var svo hægt að spila golf langt fram á haust og í byrjun vetrar var ýmist verið að loka vellinum eða opna hann aftur vegna tíðarfarsins.

Hópar komu, sem óskuðu eftir að leika golf á sérstökum tínum, og vil ég þakka fyrir hve félagar klúbbsins tóku slíku vel. Einnig var töluverð umferð ferðamanna á vellinum.

Lofuðu þeir hann og hældu, fyrir fallegan, góðan og afar snyrtilegan völl. Erlendum gestum hefur fjölgað og er það skemmtilegt.

### Mannahald

Þar sem við vorum ekki með heilsársstarfsmann 2011 þurfti að auglýsa eftir starfsmanni fyrir 5-6 mánuði, frá vori og fram á haust. Ráðinn var starfsmaður sem kom í ljós að réði ekki við starfið og ábyrgðina sem því fylgdi. Var honum því sagt upp í byrjun júní. Vorum við búin að ráða aðra starfsmenn til okkar, honum til aðstoðar, þá Benedikt Þór Jóhannsson og Alexander Hermannsson.

Við vorum lánsöm í öllu uppnáminu að hægt var að fá Skarphéðinn Ívarsson til að taka að sér verkstjórn og yfirumsjón með vellinum og öllu sem honum fylgir en ásamt því sinnti Skarphéðinn þjálfun unga fólksins.

Það má þakka þeim piltum fyrir mjög vel unnin störf í sumar og eiga þeir hrósið réttilega skilið sem félagar okkar og aðkomnir kylfingar hafa sagt um völlinn. Nokkrir yngri, frá vinnuskóla sveitarfélagsins, voru þeim til aðstoðar við umhirðu, snyrtingu og fleiri minni en mikilvæg störf, nokkrir unglingsar skiptu með sér afgreiðslustarfi í golfskálanum, sem er einnig styrkur til GH frá sveitarfélagini Norðurþingi.

### Styrkir

Til tveggja ára var gerður samningur við Norðurþing sem er okkar stærsti styrktaraðili og er sá styrkur fólginn í ýmsum þáttum.

Fjárstyrkur v/starfsmannalauna, áhaldahús sa að þessu sinni um viðhald bifreiðar og véla, vinnuframlag ungmenna úr vinnuskólanum og m.fl.

Golfklúbburinn sagði upp styrktarsamningi við Landsbankann, þar sem þeir sáu sér ekki fært að hækka hann. Þess í stað færðum við viðskipti okkar í Sparisjóð Suður Þingeyinga og var sá samningur gerður til tveggja ára. Einnig styrkti Íslandsbanki unglingsstarfið.

Sótt var um í sjóð Mennta-og menningarmála ríkisins og fengum þar styrk til unglingsstarfsins.

Síðan eru ýmis fyrirtæki og einstaklingar sem komið hafa að styrkjumálum. Vil ég þakka þeim öllum sem best fyrir þeirra framlag.

**Konukvöld** komust ekki á þetta sumarið en við ákváðum að heimsækja Lundsvöll, fórum einar 20 í finasta veðri og skemmtum okkur við golfleik og góðar veitingar í lokin.

### **Þjálfun**

Formaður unglinga- og nýliðanefndar, Skarphéðinn Ívarsson sá um þjálfun barna og unglinga í summar eins og sumarið áður. Einnig kom Heiðar Davíð, þjálfari frá Dalvík í ca 8 skipti. Heldur færri börn og unglingar sóttu námskeið þessi en undanfarin 2 ár og teljum við að kuldatíðinni megi mikið um kenna.

**Tilnefning kylfinga GH , eldri og yngri, til Kiwanisklúbbsins Skjálfanda í febrúar 2011 eða fyrir árið 2010.** Í flokki 17 ára og eldri. Sigurður Hreinsson í flokki 16 ára og yngri. Benedikt Þór Jóhannsson, og nú í febrúar 2012 voru heiðraðir íþróttamenn ársins 2011 og hlutu þau tilnefningar frá GH Birna Dögg Magnúsdóttir og Reynir Örn Hannesson sem yngri kylfingur.

### **Klúbbmeistarar 2011**

Í Meistaramótí GH s.l. sumar sigraði í karlaflokk Skúli Skúlason .  
Í kvennaflokk Birna Dögg Magnúsdóttir og urðu því klúbbmeistarar.

**Sveitakeppni GSÍ** 2. deild karla var haldin á Hellu dagana 12.-15. ágúst.

Liðstjóri sveitarinnar var Skarphéðinn Ívarsson en sveitina skipuðu þeir Arnþór Hermannson, Arnar Vilberg Ingólfsson, Einar Gestur Jónasson, Jón Elvar , Sigurður Hreinsson , Skúli Skúlason, Unnar Þór Axelsson og Örvar Þór Sveinsson . Stóðu þeir sig mjög vel og eiga áfram þáttökurétt í sveitakeppni GSÍ 2. deild karla.

### **Ársþing GSÍ og aðrir fundir**

Unnar Þór Axelsson var fulltrúi okkar og sat GSÍ þingið að þessu sinni.  
Ársþing HSP var haldið í Ljósvetningabúð . Auk formanns og gjaldkera fóru þær Þórveig Kristjánsdóttir og Þóra Kristín Sigurmundsdóttir á þingið.  
Enginn formannafundur klúbbanna á Norðurlandi var haldinn eins og undanfarin ár .  
Erfitt að finna réttu dagsetninguna fyrir slíkt.

**Árshátið klúbbsins** var haldin að lokinni Bændaglímunni laugardaginn 17. sept. í ljómandi góðu veðri. Veitingar voru keyptar af Veitingahúsini Sölku sem var mjög gott og vel útilátið hlaðborð. Kaffi og konfekt á eftir. Þátttakendur voru 37 . Nefndina skipuðu: Dóra Ármannsdóttir, Gunnlaugur Stefánsson, Skarphéðinn Ívarsson, Arnhildur Pálmaðóttir, Kristinn Vilhjálmsson og Sólveig Rúnarsdóttir.

Vil ég þakka félögum öllum, sem komið hafa að starfi klúbbsins á einn eða annan hátt, fyrir þeirra óeicingjarna starf og stuðning á árinu.

**Anna Sigrún Mikaelsdóttir, fráfarandi formaður GH**



## Golfklúbbur Mývatnssveitar

Stjórn GKM árið 2011	Aðrir embættismenn.
Formaður. Kristján Stefánsson	Form. vallarnefndar. Sigurður Baldursson
Gjaldkeri. Jón Elvar Steindórsson	Form. mótanefndar. Hákon Fannar Ellertsson
Ritari. Jón Óskar Ferdinandsson	Form. forgj.nefndar. Kristján Stefánsson
Varamenn. Valdemar Ellertsson	Skoðunarmenn reikn. Pétur Snæbjörnsson
Ottó Páll Arnarson	Ellert Rúnar Finn bogason

Starfsemi GKM sumarið 2011 var með daufara móti og er þar veðurfari einkum um að kenna, gestakomur með minna móti og félagar klúbbsins ekki mikið fyrir að spila golf í norðanátt kulda og rigningu.

Gerður var samningur við Golfkortið og Golppassann en sala á þeim var ekki eins og vænta mátti og hafa þeir aðilar sameinast um eitt kort fyrir næsta ár.

Mótahald var ágætt og voru haldin tvö opin móti þ.e. *Golf og gufa* og *Reynihlíð Open*. Þá var firmakeppin á sínum stað og nokkur innanfélagsmóti. Mörg fyrirtæki studdu myndarlega við bakið á okkur við rekstur vallarins og opnu mótin og eru öllum þessum aðilum færðar bestu þakkir fyrir stuðninginn, án þeirra væri þetta einfaldlega ekki hægt. Vinna við skálann þokaðist áfram og er það von míni að hann klárist fyrir komandi sumar. Ekki hefur enn verið gengið frá nýjum samningi við landeigendur um völlinn, en frést hefur að það sé að nást sátt um þau mál sem útaf stóðu og það verði gerður nýr samningur fljóttlega.

Að lokum vil ég þakka meðstjórnendum og öðrum félögum mínum fyrir samstarfið á árinu og vona að Golfklúbbur Mývatnssveitar nái að stækka og dafna á komandi árum.

Kristján Stefánsson formaður

## Golfklúbburinn Gljúfri

Ýmsar ástæður valda því að þetta ár er eitt það lélegasta frá stofnun klúbbsins.

Aðskón á völlinn með minnsta móti sennilega vegna leiðinlegrar veðráttu og "heimaspilarar" aldrei verið færri. Óvenju mikið viðhald var á tækjum, aðallega sláttuvélum en það fer að mestu fram fyrir sunnan með tilheyrandi flutningskostnaði.



Nú er nóg komið af væli og skal skoða jákvæðu hliðarnar.

Það er ekki enn búið að reka okkur út úr Ásbyrgi, svo eins og er reiknum við með rekstri þar í sumar. Þó hefur þjóðgarðsvörðurinn bent okkur á að leggja ekki í mikinn kostnað við völlinnn hvað sem það þýðir. Sel sf hefur séð um slátt og söndun á vellinum og einnig á íþróttavöllunum (Lundi og Kópaskeri) og gert það fyrir mjög sanngjarnt verð. Klúbburinn leggur til tæki í hvorutveggja.

13 félagar greiddu árgjald og teljast fullgildir en nokkrir einstaklingar og eigendur sumarhúsa sömdu um "sumargjald" fyrir sig og sína. Klúbbfélagar hafa aðeins látið sjá sig á mótum hjá öðrum en afrekin verða ekki tíunduð hér.

Með von um gott veður á sumri komanda skulum við þreyja veturninn.



Fyrir hönd Golfklúbbsins Gljúfra, Marinó Eggertsson

## Golfklúbburinn Hvammur



Starfsemi Golfklúbbsins Hvamms var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Nokkur mótt voru haldin á vegum klúbbsins og barna- og unglingastarf var með sambærilegu sniði og undanfarin ár.

Tíðarfar setti mark sitt á sumarið og var nokkuð um kalskemmdir á golfvelli klúbbsins. Rekstur klúbbsins var annars í ágætu horfi og hefur klúbburinn notið stuðnings fjölmargra fyrirtækja og einstaklinga. Áfram verður áfram unnið jafnt og þétt að því að bæta aðstöðu klúbbsins til golfiðkunar. Klúbburinn hefur notið mikillar sjálfboðavinnu af hálfu nokkurra meðlima og verður það starf seint fullþakkað.

Klúbburinn mætir því komandi sumri með bjartsýni og von um betri tíð (og minna kal).

Jón Helgi Pétursson  
formaður

## Golfklúbburinn Lundur



Sumarið 2011 er annað starfsár golfklúbbsins. Megin starfssemi golfklúbbins er fyrst og fremst að byggja upp félagastarfsemi í kringum Lundsvöll í Fnjóskadal. Rekstur Lundsvallar og golfskálans Stekk er alfarið í höndum Lundsgolf ehf. sem er í eigu landeiganda.

Golfklúbburinn leigir völlinn og afnot af golfskála fyrir sína félagsmenn. Engar eignir eru skráðar á klúbbinn og ekkert mannahald er á vegum klúbbsins. Laugardaginn 1. Júní opnaði Lundsvöllur fyrir félagsmenn og allri almennri umferð golfspilara. Við upphaf sumars voru skráðir í golfklúbbinn 78 félagsmenn en við lok sumars voru félagar orðnir 88, þar af eru 60 með fulla aðild og 28 með auka aðild. Kynjahlutfall félaga er 28 konur og 60 karlar. Stofnuð var 3. manna keppleikjanefnd sem sá um að setja upp mótt og framkvæmd þeirra.

### Mótahald

Alls hélt klúbburinn 5 mótt á árinu. Fyrsta mótið sem klúbburinn hélt var 25. júní og var það innanfélags mótt og spilað var 9 holu texas scramble vanur og óvanur, þátttakendur voru 22. 17. júlí var halddið opið minningarmót, þar mættu 88 karlar og konur til leiks og spilað var með texas scramble fyrirkomulagi. 22. júlí var Bændaglíma klúbbsins haldin. Þann 31. júlí var opið mótt sem bar heitið Coca-Cola –verlunarmannahelgin, þar mættu 40 til leiks og spilað var punktakeppni með forgjöf. Þann 3. sept. var meistaramót GLF spilað, karla og kvenna. Í það mótt mættu 27 til leiks, 19 karlar og 8 konur og spilað var 18 holu höggleikur. Sigurvegari í karla og þar með meistari GLF 2011 varð Ingvar Karl Hermannsson á 67 höggum og meistari kvenna varð Halla Sif Svavarsdóttir á 84 höggi.

Stjórn golfklúbbsins kom saman 5. sinnum á árinu til fundar. Stjórnin ákvað að halda ekki aðalfund fyrir árið 2012 þar sem starfsemin er það lítil í augnablikinu en stefna að fundi í kringum páskana.

## Hestamannafélagið Feykir

Helstu atburðir Hestamannafélagsins Feykis árið 2011 voru:

Ísmót haldið laugardaginn 2. apríl á Klifatjörn við Kópasker þar sem var keppt í ýmsum flokkum og endað á kaffi í Reiðskemmuni á Snartarstöðum.

Aðalfundur Feykis var haldinn í Lundi, Öxarfirði þann 15. apríl.

Firmakeppni Feykis var haldin í Eyjardal 25. júní þar sem keppt var í tölti, stökki og fíflagangi.

Félagsferð Feykis var í ár sameinuð vigsluathöfn á reiðleið inn í Ásbyrgi sem hefur verið lögð á vegum þjóðgarðsins og í samráði við hestamannafélagið, þátttakani var mjög góð, einnig reiðleiðin sem kemur til með að gera góða hluti.



Kveðja frá stjórn Feykis  
Maríus Snær Halldórsson  
Tryggvi Hrafn Sigurðsson  
Hafsteinn Hjálmarsson

## Hestamannafélagið Þjálfi

### Stjórn Þjálfa:

Marinó J. Aðalsteinsson formaður  
Erlingur Ingvarsson varaformaður  
Þórarinn Illugason gjaldkeri

### Æskulýðsnefnd:

Gunnar Óli Hákonarson – formaður  
Ásta Gísladóttir  
Birna Hólmeirs dóttir ritari

### Aðrar nefndir Þjálfa:

Einarstaðamót: hefur umsjón með framkvæmd Stórmóts Þjálfa á Einarsstöðum.

Benedikt Arnþjörnsson, formaður  
Ásvaldur Þormóðsson  
Flosi Hrafnsstöðum  
Ásta Gísladóttir

Bryndís Ívars dóttir ritari  
Snorri Kristjánsson  
meðstjórnandi

Linda Björk Ómarsdóttir  
Bryndís Ívars dóttir gjaldkeri



Firmakeppni: hefur umsjón með framkvæmd Firmakeppni Þjálfa á Einarsstöðum

Agnar Kristjánsson, formaður  
Diljá Óladóttir  
Valþór Þráinsson

Sigurður Hálfðánarson  
Auður Jónsdóttir  
Linda Björk Ómarsdóttir

Vallarnefnd: hefur umsjón með félagssvæði Þjálfa á Einarsstöðum.

Kristján Sigtryggsson  
Úlfar Vilhjálmsson

Reiðveganefnd: hefur umsjón með reiðvegum; viðhaldi og nýjum á félagssvæði Þjálfa.  
Kristján Snæbjörnsson  
Arngrímur Geirsson

## Mývatn open 2012: hefur umsjón með framkvæmd Ísmóts Þjálfa í Mývatnssveit.

Marinó Aðalsteinsson, formaður

Birna Hólmeirs dóttir

Erlingur Ingvarsson

Ásdís Erla Jóhannesdóttir

Gunnar Óli Hákonarson

### **Æskulýðsdeild ÞJÁLFA 2011**

Umsvif æskulýðsdeildaðarinnar hafa verið eitthvað minni á árinu 2011 en 2010 Skráðir félagar í Þjálfa eru samtals 134 og þar af eru 63 yngri en 21 árs.

Starfsárið hófst með opnum degi í Torfunesi í nóvember 2010, þar sem við höfðum "reiðtygjadag". Félagsmenn komu með hnakka, beisli, skó og annað sem tengist hestamennskunni og fengum við Diljá Óladóttur til að fara yfir meðferð og hreinsun á reiðtygjum. Buðum við uppá leðursápu og leðurfeiti, öllum að kostnaðarlausu. Þetta mæltist vel fyrir og komu milli 10 og 15 krakkar. Einnig auglýstum við "skiptimarkað", þ.e.a.s. æskulýðsdeildin býðst til að hafa milligöngu um að krakkarnir geti skipt út of litlum, eða lítið notuðum reiðfatnaði, og keypt notað.

Reiðmennskan er ekki beinlýnis ódýrt sport og hefur þetta mælst vel fyrir.

Við héldum áfram með opna daga í Torfunesi, sem urðu alls 3; í janúar, febrúar, og mars. Á opnum dögum, eins og árið 2010, tekur æskulýðsdeildin reiðhöllina á leigu í 3-4 tíma og geta þá börn og foreldrar komið með sýna hesta, eða leigt hesta hjá Baldvin og notað aðstöðuna. Sjaldnast hefur fjöldi gesta farið niður fyrir 20 og uppí 36.

Kjötsúpan er að sjálfsögðu í boði á opnum dögum, enda hluti af dagsskránni að hittast og spjalla yfir góðum súpudiski. Hafa sprottið upp góð kynni á milli foreldra og barna á þessum dögum. Þetta hefur verið uppistaðan í starfi deildaðarinnar á árinu.

Reiðnámskeið var haldið í Torfunesi fyrir eldri krakkana 19. mars og tóku 4 stelpur þátt. Kennari var Veronika Gspandl, verknemi frá Hólum. Hún var einnig með námskeið fyrir yngstu krakkana í apríl, en þátttaka var fremur dræm, sem dró þá úr frekari áætlunum um fleiri reið námskeið. Var áhugi á fleiri reiðnámskeiðum kannaður á Facebooksíðu æskulýðsdeildaðarinnar, en áhugi virtist ekki vera fyrir hendi. Flestar af eldri félagsmönnum deildaðarinnar stunda skóla á Akureyri og hafa verið í hestamennskunni þar, og skráð sig jafnframt í Létti. Ein stúlka úr æskulýðsdeildinni lauk knapamerkjum nr. 1 og 2 á s.l. vetrri á vegum Léttis á Akureyri. (Var reyndar ekki styrkt af Þjálfa.) Fyrirhugað var reiðnámskeið fyrir Einarstaðamót, eins og áður hefur verið boðið uppá, reiðkennari forfallaðist á síðustu stundu og ekki hægt að fá annan með stuttum fyrirvara.

Að lokum má nefna að eldri félagsmenn (stúlkur) æskulýðsdeildaðarinnar komu að skipulagningu, undirbúningi og unnu á mótum Þjálfa, þ.e.a.s. á Myvatn Open og á Einarstaðamóti og er það vel. Þó nokkrir félagar æskulýðsdeildaðarinnar tóku þátt í Firmakeppni félagsins og 2 á Einarstaðamóti og allir stóðu sig að sjálfsögðu með sóma. Munum við stefna á gott reiðnámskeið á Einarstaðavelli fyrir



*Fríður hópur yngstu knapanna á Firmakeppni Þjálfa 2011*

næsta Einarstaðamót (og þar með Firmakeppni einnig) fyrir æskulýðsdeildina og stuðla þannig að því, að fleiri treysti sér til að taka þátt í keppnum félagsins.  
Aðalfundur æskulýðsdeildarinnar var síðan boðaður á Staðarhóli þann 3. desember 2011 (sjá auglýsingu hér að neðan.)

\* \* ----- \* \* ----- \* \*

### ÆSKULÝÐSSTARF hestamannafélagsins ÞJÁLFA

Aðalfundur æskulýðsdeildar Þjálfa verður haldinn á Staðarhóli (Hlaðan),  
Kl. 10:30 laugardaginn 26. nóvember. Dagsskrá: Venjuleg aðalfundarstörf,  
starfið framundan, námsskeið eftir áramót, samvinna við hestamannafélagið  
Grana og önnur mál. Allir hjartanlega velkomnir. Grjónagrautur og slátur í hádeginu  
í boði stjórnar. Sjáumst hugmyndarík og hress.


Stjórnin.

(Facebook "Æskulýðsstarf Þjálfa" og Þjálfi heimasíða "123.is/thjalfi")

#### Einarstaðamót – Stórmót Þjálfa:

Einn helsti viðburður félagsins er hið svokallaða Einarstaðamót, sem halddið er á félagssvæðinu á Einarstöðum í Reykjadal, helgina eftir verslunarmannahelgina ár hvert. Keppt er í: tölti, A-flokk, B-flokk, og barna-, unglings- og ungmennflokk. Og einnig er keppt í öldungaflokk og skeiði. Hefur þetta móti vaxið mjög hin síðustu ár og höfðum við 193 skráningar þetta árið. Er þetta eitt vinsælasta hestamannamót á norð-austurlandi og komin hefð á að ríða í Einarstaði, gjarnan öll fjölskyldan og taka þátt í mótinu. Hefur félagið ekki haft skráningargjöld, heldur einungis aðgangseyrir á mótið. Til stendur að breyta þessu fyrirkomulagi eitthvað og taka upp væg skráningargjöld. Ekki er hægt að halda móti af slíkri stærðargráðu, öðruvísi en að félagsmenn taki höndum saman og leggi fram mikla sjálfboðavinnu. Fyrir þetta móti, fór félagið í miklar framkvæmdir á umgjörð Einarstaðavallarins sjálfs sem var mikið til bóta. Til stendur að halda áfram að flikka uppá félagssvæðið; vallarhúsið og snyrtigar.

Um kvöldið var svo að venju grillað við völlinn, fyrir keppendur og gesti (stórt samkomutjald var reist fyrir mótið) og brekkusöngur á sínum stað. Veðrið fádæma gott og rigndi allt í kring um okkur, en ekki á okkur. Mótið tókst vel í alla staði.



*Erlingur Ingvarsson, einn fremsti knapi Þjálfa, á Einarstaðamóti 2011*

#### Firmakeppni:

13. ágúst 2011 var hin árlega Firmakeppni Þjálfa. Þar styðja fjölmargir aðilar í S-Þing. við félagið, en þetta móti er helsta mótið fyrir ALLA félagsmenn, unga sem aldna. Elsti keppandinn var 77 ára og yngsti 8 ára.

## Mývatn Open;

Er ísmót þjálfa, haldið á tjörninni við Skútustaði, yfirleitt aðra helgi í mars. Mótið var haldið 12. mars 2011. Alls voru 70 skráningar og keppt að venju í tölti (2 flokkar meira og

minna vanir) sérstakri stóðhestakeppni og skeiði. Mótið fór mjög vel fram, margir áhorfendur mættir og veðurguðirnir okkur hliðhollir að vanda, frábært vetrarveður og fegurðin einstök í Mývatnssveitinni. Lífleg verðlaunaafhending í kaffisamsæti í Selinu, þar sem borð svignuðu undan hnallþórum og öðru meðlæti. Mývatn Open er styrkt af fjölmögum félagasamtökum og einstaklingum á Norðurlandi og vegleg verðlaun í boði. Mótinu lauk svo með

*Kristján Sigtryggsson á stóðhesti sínum  
Djákna á Mývatn Open 2011*



hestamannahófi í Selinu um kvöldið, þar sem maður var manns gaman, yfir þriggja rétta glæsilegum kvöldverði. Og stigu hestamenn og konur síðan dansinn fram eftir nóttu.



## Þjálfí 2011 – að lokum:

Skráðir félagar í Þjálfá eru samtals 134 og þar af eru 63 yngri en 21 árs.

Stjórnarfundir urðu alls 5 á árinu.

Aðalfundur var haldinn 10. maí 2011 og ný stjórn kosin. Þjálfí sendi 2 fulltrúa á landsþing Landssambands Hestamanna, sem haldið var á Akureyri í nóvember.

Fulltrúuar Þjálfá voru Bryndís Ívarsdóttir og Árný Hulda Sæmundardóttir.

*Verðlaunaafhending í tölti A –*

Að öðru leiti viljum við minna á heimasíðu Þjálfá, [www.123.is/thjalfi](http://www.123.is/thjalfi) og Facebook síðu æskulýðsnefndarinnar, Æskulýðsstarf Þjálfá.

**Staðarhóli í febrúar 2012**  
**Bryndís Ívarsdóttir ritari**

## Hestamannafélagið Snæfaxi

Starfsemi Snæfaxa var með hefðbundnu sniði að öðru leyti en því að nýbyggð reiðhöll á Gunnarsstöðum var formlega vígð þann 13. ágúst.

Það sem iðkað var í hestamennsku á vegum félagsins var helst;

- Folaldasýning haldin á Raufarhöfn 22. janúar.
- Kvöldvaka var haldinn 20. janúar þar sem ýmislegt var gert sér til skemmtunar, m.a var horft á myndband frá firmakeppni síðan 1992.
- Ísmót á Hundsvatni 12. mars. Þar var keppt í ístölti. Var þátttaka góð og komu keppendur víða að til heimsækja okkur. Keppni gekk ágætlega og fóru 2 keppenda svo á landsmót um sumarið. Á eftir var boðið í kaffi í félagsheimilinu þórsveri og lögðu öflugar félagskonur fram bæði efni og vinnu. Þar fór fram verðlaunaafhending.
- Aðalfundur var haldinn 5. maí og var þar helst að breytt var úr þriggja manna stjórn í fimm manna.
- Kvennareið var 14. júlí og var að venju góð þáttaka.
- Árleg firmakeppni féll niður þetta árið, gekk illa að finna hentugan tíma í leiðinlegu tíðarfari. Stefnt að betra veðri árið 2012.
- Einn keppandi var frá Snæfaxa á landsmóti og kepti hann í A-flokk. Fleiri ætluðu sér að fara en vegna reglna um að keppendur væru búin að fara á úrtökumót fyrir landsmót hættu þeir við vegna mikilla ferðalaga með hross sín.
- Reiðhöllin á Gunnarsstöðum var svo formlega vígð þann 13. ágúst og henni gefið nafnið Kaplaborg. Þar komu saman eitthvað á annað hundrað manns í mikilli veislu og er það okkar stærsti viðburður þetta árið.
- Árleg félagsferð var í farin 20. ágúst og var hún í styttra lagi vegna veðurs. Riðið var frá Hvammi í eyðibýlið Hávarsstaði og var góð mæting í þessa dagsferð.
- Bæjakeppni var svo haldin 27. ágúst var þar góð skráning hjá fullorðnum en sorglega lítil þáttaka hjá hinum yngri hestamönnum, þ.e.a.s aðeins tveir þáttakendur í barnaflokki og enginn í unglingsflokki. Er þetta okkur talsvert áhyggjuefni að ekki sé meiri nýliðun í hestamennskunni.

Annað var ekki um uppákomur á vegum félagsins en vonumst við eftir aukningu í æskulýðs- og unglingsstarfi nú þegar langþráð reiðhöll er tilbúin og hægt að bjóða uppá „öruggar“ aðstæður allt árið.

F.h. Snæfaxa  
Jón Rúnar Jónsson

### Eftitalin félög skiliðu ekki ársskýrslu:

Hestamannafélagið Grani

Ungmennafélagið Reykhverfungur

Ungmennafélag Öxarfjarðar

Ungmennafélagið Snörtur

Ungmennafélag Tjörnesinga

Ungmennafélag Bakkafjarðar

Ungmennafélagið Afturelding

Boltafélag Húsavíkur

## Íþróttafélag Framhaldsskólans á Laugum

- Íþróttafélagið á Laugum er virkt allt skólaárið.
- Hvert einasta haust eru kosnir 2-3 nýjir meðlimar í stjórnina ÍFL.
- Vorönnina 2011 í nefndinni voru : Björgvin Már Vigfússon, Magnea Dröfn Hlynsdóttir, Indíana Þórsteinsdóttir, Patrycja Maria Reimus og Þóra Kristín Sigurðardóttir.
- Á haustönni héldu Patrycja og Þóra nefndinni áfram og kosnir voru þrír nýjir meðlimir af öllum nemendum í skólanum. Í hópinn bættust: Matthildur Ósk Óskarsdóttir, Unnur Ingólfssdóttir og Þorsteinn Ægir Óttarsson. Breytingar urðu á nefndinni í janúar þar sem Matthildur og Þorsteinn hættu og Bjarni Þór Gíslason kom í staðinn.
- Hvert ár sér íþróttafélag Laugaskóla um að halda vistarkeppni og bæta félagslífið í skólanum.
- Við erum búin að vera vinna mjög mikil í samstarfi við Ungmennafélagið Efling með því t.d. að láta nemendur í íþróttastarfssnámi vera með íþróttatímama fyrir krakkana í grunnskólanum á Laugum.
- Við höfum verið að safna peningum inn á reikninginn okkar með því að hafa skóla- íþróttabúninga. Haustið 2011 seldum við 74 búninga. Hver búningur kostaði 4.000 kr.
- Peningur sem hefur verið geymdur í 2 ár án þess að nota í ekki neitt ákváðum við að nota í það að kaupa nýja bikara. Við ætlum að kaupa tvö auka bikar, þar sem við höfum einn núna. Bikarinn sem er hjá okkur er fyrir að vinna stigatöflu í vistarkeppnum. Við ætlum að bæta bikar fyrir flottstu/fjölbreyttstu búningana og síðan ætlum við að láta mætingu á keppnina gilda líka. Við gerðum þetta vegna of lélega áhuga, erum búin að halda eina keppni með nýjum skilyrðum og hún gekk mjög vel af þar sem 42 krakkar mættu á hana og studdu/kepptu fyrir liðið. Úrslit hvert ár urðu mjög léleg þar sem elsta vistin (Fjall) vann í hvert skipti, en við ákváðum að fá margar breytingar og breyta þessum vistarkeppnum og keppa aldrei í ákveðnum íþróttagreinum heldur betur keppa í leikjum, boðhlaupum. Mottó-ið var að sameina fólk ið hérna og fá þá til að koma í íþróttahúsið, kynna fyrir þeim að þau þurfa ekki endilega að vera góð í íþróttum til að geta hjálpað vistinni sinni við að sigra aðrar.
- Við tókum þátt á blakmótum. Fórum með karla- og kvennalið á 3 blakmót auk þess að standa fyrir kvennamóti hér á Laugum í apríl. Karlalið ÍFL tók þátt í utandeildarkeppni HSÍ í handknattleik veturinn 2010 og 2011 og gekk ágætlega.
- Karla og kvennalið félagsins kepptu á framhaldsskólamóti í knattspyrnu í Boganum í október og karlaliðið komst í úrslit sem fram fóru fyrir sunnan þar sem 6 bestu liðin keppnu en liðið komst ekki upp úr sínum riðli þar og endaði því í 5. - 6. sæti.
- „Ólympíuleikar“ í framhaldsskólanum á Laugum – hugmyndin er sú að gera „Laugaleika“ og á þeim myndi vera keppt í mörgum greinum samt með einhverjar hindranir eða breytingar svo að þetta yrði alls ekki venjuleg keppni heldur eitthvað nýtt til að hvetja fólk til að mæta og taka þátt. (Verður meira tekið í gegn seinna á vorönni 2012)
- Vorið 2012 ætlum við að reyna hjálpa líka nemendafélagi Laugaskóla með peningamál í sambandi við Tónkvísl. (vorönn 2012).

## Íþróttafélagið Magni

Starf íþróttafélagsins Magna á árinu 2011 var með hefðbundnu sniði. Fótboltinn var í aðalhlutverki og var barnastarfið að venju mjög öflugt og var tekið þátt í Goðamótum, Smábæjarleikum, Nikulásarmóti og svo tók 5 flokkur drengja þátt í íslandsmóti með góðum árangri. Ljóst er þó að ekki verður mikið um mótt þetta árið bæði vegna þess að það stendur þannig á árgöngum og að samkeppni frá öðrum félögum er farin að hafa áhrif á þátttöku í mótaum. Meistaraflokkur karla lék í 3. deild Íslandsmótsins í sumar og er óhætt að segja að árangurinn hafi ekki verið nógu góður. Liðið komst þó í undanúrslit um sæti í 2 deild, en félill þar út eftir stórtap fyrir KV úr vesturbænum.

Frjálsar íþróttir fóru aftur af stað í upphafi sumars í umsjón Hermanns Gunnars Jónssonar og Ara Jósavínssonar og gekk það mjög vel og vonandi verður framhald á því. Íþróttavöllurinn var endurnýjaður á árinu 2010 og var hann tekinn í notkun um mánaðamótin júní/júlí. Ljóst er að þetta var orðið löngu tímabært og er völlurinn allur hinn gæsilegasti þó að við höfum fengið okkar skammt af kali eftir erfitt vor. Svo var okkur sýndur mikill heiður af KSÍ að hýsa landsleik í Norðurlandamóti U19 í sumar og er óhætt að segja að það hafi verið mikil upphefð fyrir félagið.

Íþróttafélagið Magni hefur ávallt kappkostað að reka félagið á skynsaman hátt og passað vel uppá að steypa sér ekki í skuldir. Það hefur gengið eftir og er félagið mjög vel rekið og svo eru mjög sterkir styrktaraðilar á bak við félagið sem hafa reynst féluginu gríðarlega vel.

Gleðilegt HSP þing!

Þorsteinn Þormóðsson  
Formaður Magna  
Grenivík

## Íþróttafélagið Völsungur

Aðalfundur Völsungs var haldinn í sal Framsýnar 30. ágúst. Guðrún Kristinsdóttir var kosin nýr formaður félagsins. Aðrir í stjórn eru Þóra Jónasdóttir gjaldkeri, Elín M Gunnsteinsdóttir ritari, Már Höskuldsson, Lúðvík Kristinsson, Emilia Aðalsteinsdóttir og starfsmaður félagsins er Sveinn Aðalsteinsson. Rekstur félagsins árið 2010 gekk vel og skilaði félagið í heild sinni hagnaði. Áhersla nýs formanns verður á að styrkja innviði félagsins með öflugum ráðum og að skapa féluginu betri umgjörð.

Í framhaldi af ákvörðun aðalfundar um að hækka félagsgjald í 5000 kr var hafist handa við endurbætur á félagsaðstöðu félagsins í íþróttahúsinu. Parket lagt á gólfíð settur upp 50" skjár, hengdar upp myndir og aðstaðan snurfusuð og bætt. Formleg opnun eftir andlitslyftingu var 19. nóvember. Dagana á undan var fólk beðið að skila inn tillögum að nafni og varð nafnið "Grænatorg" fyrir vali dómnefndar. Og heitir félagsaðstaða



Völsungs í íþróttahúsinu á Húsavík hér eftir Grænatorg. Við opnunina var þeim þakkað sem lagt höfðu hönd á plóg með sjálfbóðavinnu og þeim fyrirtækjum sem gáfu gjafir til félagsins við endurbæturnar færðar þakkir.

Umræða um gervigrasvöll var áberandi á árinu og hafa menn bundið miklar vonir til þess að af þeirri framkvæmd verði á árinu 2012. Hélt stjórn meðal annars fund um uppbyggingu gervigrasvallar í félagsaðstöðu Framsýnar 22. nóvember þar sem fulltrúi Mannvits kynnti hugmyndir að framkvæmd og kostnaðaráætlun. Fundurinn sendi svo frá sér ályktun þar sem skorað var á bæjarstjórn að hefjast handa á fyrirliggjandi hugmyndum. Vonandi getum við sagt góðar fréttir af þessu máli árið 2012.

**Prettándinn:** 4.fl kvenna knattspyrnu sá um að leiða skrúðgöngu frá íþróttahúsi og niður á reitinn sunnan við GPG þar sem var kveiktur eldur og sunginn fjöldasöngur. Kiwanis sá um að skjóta upp flugeldum.

**17. júní:** Utanlandsfarar (3.flokkar kk og kv knattspyrnu) tóku að sér 17. júní hátíðahöldin að þessu sinni. Hátíðahöld voru með hefðbundnu sniði með skrúðgöngu og skemmtun í íþróttahúsinu.

**Tendrun ljósá á jólatré í upphafi aðventu:** Aðalstjórn sá um og skipulagði viðburð í kring um tendrun ljósá á jólatré fyrstu helgi aðventu.

**Gamlárskvöld:** Aðalstjórn sá um að kveikja í brennunni þetta árið. Hefðbundið að öllu leiti nema menn eru aðeins að rökræða um tímasetningu sem hefur verið kl 16:30 núna undanfarin þrjú ár.

**Hreyfingaskóli Völsungs:** Hreyfingaskólinn er unnin í samstarfi við Borgarhólsskóla. Börnin koma beint úr skólanum í skólann og eru þar í 60 min. Nú er skólinn í boði fyrir 1.-2. bekk. Um 25 börn eru skráð á haustönninni.

**Íþróttaskóli Völsungs:** Íþróttaskólinn er starfræktur með sama sniði og síðasta vetur, þ.e.a.s. tveir hópar yngri og eldri barna. Í haust eru skráð 50 börn og er það alveg frábært. Við höfum reynt að virkja foreldra til þátttöku enda teljum við þetta eiga að vera ánægjulega stund barns og foreldra

**Fimleikar:** Fimleikadeild Völsungs hóf í haust sitt 25. starfsár. Árið var blómlegt hjá fimleikadeildinni, iðkendaföldi um 70 krakkar að stærstum hluta stúlkur. Guðrún Kristinsdóttir hefur fylgt deildinni eftir öll árin sem aðalbjálfari. Lögð er áhersla á almenna fimleika. Fimleikadeildin hefur verið öflug að verða sér út um tæki og tól og smá saman bætt aðstöðu til fimleikaiðkunar til mikilla muna. Einnig hefur fimleikaiðkendum verið ekið til æfinga inn á Akureyri þar sem aðstaða er mikið betri.

**Handknattleikur:** Handknattleikur er á uppleið aftur eftir að hafa verið í talsverðri lægð undanfarin ár. Völsungur hélt úti liðum í 3. 4. 5. og meistaraflokk karla fyrri hluta árs og fram á vor. Þessir hópar tóku þátt í Íslandsmótum þrátt fyrir að hópar væru ekki stórir. Nú í haust var svo farið af stað með 6. 5. 4. og meistaraflokka karla ásamt því sem reynt var að koma af stað kennabolta í yngri flokkum. Allir hópar drengja hafa tekið þátt í Íslandsmótum og sjá menn fyrir sér að hópur 6. fl kvenna fari stækkandi og geti í fyllingu tímans telft fram liði. Húsavíkurmótið í handbolta var halddið í 19. sinn í vor. 5. fl.kvenna yngra ár kom til Húsavíkur að þessu sinni. Um 300 stelpur mættu til leiks og tókst mótið vel.

**Blak:** Öflugur hópur fullorðins fólks stundar blak hjá Völsung. Tilraunir til að koma af stað starfi barna og unglings hafa gengið brösuglega en samt hefur náðst svolítill hópur núna á haustdögum sem vonandi skilar fjölgun til lengri tíma. Völsungur tefldi fram liði á Íslandsmóti kvenna. Hápunktur starfsemi blakdeildarinnar er árlegt Öldungamót sem að

þessu sinni var haldið í Vestmannaeyjum 5. – 8. maí. Völsungur mætti með 1 karlalið og 5 kvennalið til Vestmannaeyja sem gerði garðinn frægan og allir þáttakendur létu af því að mótið 2011 hefði verið gott.

**Boccia:** Starfsemi bocciadeildar var með hefðbundnu sniði árið 2011. Þéttur hópur fólks stundar boccia hjá Völsung. Iðkendur taka þátt í Íslandsmótum og opnum móturnum. Bocciadeild stendur fyrir firmakeppni á hverju ári í samstarfi við Kiwanis á Húsavík. Þar koma saman reyndir og óreyndir spilarar, leika sér í boccia og að loknu móti heiðrar Kiwanis íþróttamenn ársins. Þetta móti og þessi dagur löngu búið að skipa sér sess meðal bæjarbúa

**Sund:** Er starfræktar í náinni samvinnu við HSP og verður einungis vísað í skýrslu sundráðs HSP hér.

**Frjálsar:** Eru starfræktar í náinni samvinnu við HSP og verður einungis vísað í skýrslu frjálsíþróttaráðs HSP hér

**Völsungur í samstarfi við FSH í afreksíþróttum:** Um áramótin 2010 / 2011 hófu Í.F Völsungur og FSH samstarfi um framkvæmd og skipulag á afreksíþróttum fyrir þá nemendur sem æfa íþróttir hjá féluginu og stunda nám við skólann. Markmiðið þessa samstarf er að þeir iðkendur sem hafa staðið sig mjög vel og sýnt mikla hæfileika og áhuga í íþrótt sinni geti með markvissum hætti æft íþrótt sína og fengið það metið til eininga hjá FSH.

Reynslan af verkefninu hefur verið góð og útskrifuðust 14 nemendur úr afreksáfanga haustönn 1011

**Gönguskíði:** Það er óhætt að segja að gönguskíðin er sú íþrótt sem hefur verið í hvað mestri uppsveiflu hér á svæðinu. Stór hópur fólks stundar íþróttina orðið reglulega þegar færi gefst til við oft á tíðum mjög góðar aðstæður. Margir hafa unnið ötult sjálfboðastarf við að bæta aðstöðuna á heiðinni auk þess sem mikil vinna hefur verið lögð í að byggja upp barna- og unglingastarf í féluginu. Ýmsir eru farnir að þokast upp afrekslistann og gönguskíðamenn áttu fulltrúa í Vasa göngunni. Hápunktur ársins er Orkugangan þar sem gengið frá Mývatnssveit og til Húsavíkur. Mótið stækkar ár frá ári.

**Skíði alpagreinar:** Fáir iðkendur alpagreina eru á Húsavík en snjóleysi hamlar reglubundnum æfingum á skíðasvæði Húsvíkinga. Áhugasamir iðkendur leysa málið með því að æfa með Mývetningum en keppa samt sem áður undir merkjum Völsungs á Íslandsmótum.

**Knattspyrna:** Knattspyrnudeild sér um rekstur meistaraflokka karla og kvenna. Karlalið Völsungs spilaði í 2. deild. Liðið var skipað ungum og upprennandi heimamönnum að langstærstum hluta. Liðið endaði í 10. sæti í haust. Hápunktur sumarsins hjá strákunum má segja að hafi verið bikarleikur á útvelli á móti ríkjandi Íslandsmeisturum Breiðablikis. Leikurinn tapaðist 2 -1 en okkar menn gátu gengið sáttir af leikvelli í leikslok eftir að hafa lagt sig 100% í leikinn og ekki gefið þumlung eftir í baráttunni á vellinum. Talsverðar breytingar er væntanlegar hjá karlaliðinu en öflugir leikmenn yfirlágu herbúðir Völsungs í haust. Tveir leikmenn Völsungs tóku reglulega þátt í æfingum yngri landsliða. Hafþór Mar Aðalgeirsson æfði og spilaði með U17 og U19 ára landsliði og Bjarki Þór Jónasson æfði og spilaði með U17 landsliði.

Kvennalið Völsungs spilaði í 1.deild A-riðli. Liðið er eins og karlaliðið skipað ungum og upprennandi heimamönnum að mestu. Unnar þór Garðarsson er þjálfari stelpnana og honum til aðstoðar var Ingvar Björn. Ekki tókst að komast í úrslitakeppni að þessu sinni en hópurinn er þéttur og tekur miklum framförum. Eins var um kvennaliðið að

bikarleikur á útvelli í Vestmannaeyjum var hápunktur sumarsins. Leikurinn tapaðis en framlag leikmanna sem lögðu sig allar 100% í leikinn hlýtur að vera minnistæður fyrir leikmenn og óhætt að segja að Völsungur eigi mikinn efnivið í ungum leikmönnum beggja hópa.

Reynt var að endurvekja 2. flokk karla síðastliðið sumar og voru þeir skráðir til leiks í bikarkeppni. Völsungur komst í undanúrslit en varð því miður að gefa leikinn vegna forfalla leikmanna þannig að ekki var hægt að manna lið þegar á hólminn var komið. Afleit niðurstaða en stefnan að koma á fót 2. flokk stendur enn og tekst vonandi að taka næsta skref á árinu 2012.


#### Landsleikir á Húsavíkurvelli:

Tveir leikir voru á norðurlandamóti U17 voru spilaðir á Húsavíkurvelli í ágúst.

Framkvæmd leikjanna var í höndum knattspyrnuráðs og aðalstjórnar. Framkvæmdin tókst í alla staði vel og var félagini til sóma. Bjarki Þór Jónasson var í liði Völsungs. Bjarki létt af því að það væri góð tilfinning að spila landsleik á heimavelli síns félags. Þess má til gamans geta að Bjarki réði tónlistavali í búningsklefa Íslands. Og að sjálfsögðu var metalbandið Skálmöld fyrir valinu sem hefur verið þanið óspart í búningsklefa Völsungs tímabilið 2011.

**Yngri flokkar knattspyrnu:** Völsungur tefldi fram liðum í öllum flokkum á Íslandsmóti karla og kvenna síðastliðið sumar. Íökendafjöldi var rúmlega 210 krakkar á aldrinum 5 – 16 ára. Kynjahlutföll knattspyrnu iöknda hjá Völsung er u.p.b. á pari sem er nánast einsdæmi á landsvísu. Alls voru leiknir 149 leikir yngri iöknda á Íslandsmótum síðastliðið sumar og væri allt of langt mál að tíunda einstök úrslit en eina liðið sem komst í úrslið á þessu sumri var 5.fl kv A-lið. Þær gerðu svo góða ferð í Hafnarfjörðinn í lok sumars og voru félagini sínu til sóma og eru dæmi um gott starf þjálfara og félagsins. Svo taka flestir flokkar þátt í opnum mónum og æfingaleikjum þannig að fjöldi leikja á Íslandsmótum er ekki nema hluti af þeim verkefnum sem krakkarnir taka þátt í. Völsungur hefur haft á að skipa hóp af hæfum þjálfurum og má fullyrða að hluti skýringar á háum iökendafjölda knattspyrnunnar á Húsavíkur liggur í góðum þjálfurum ásamt ríkri hefð fyrir knattspyrnuiðkun á Húsavík.

#### Norwaycupfarar 2011.



Noregsferð sumarið 2011

## Öflugt forvarnarverkefni

Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi þess að börn og unglings taki þátt í jákvæðum félagsskap, stundi reglulega og krefjandi hreyfingu og læri að eiga uppbyggileg samskipti við þjálfara, liðsfélaga og andstæðinga innan sem utan keppnisvallar. Til fjölda ára hefur verið mikill og almennur metnaður hjá aðstandendum og iðkendum hjá Íþróttafélaginu Völsungi á Húsavík. Kostað hefur verið kapps að fá reynda og vel menntaða þjálfara og sníða starfið þannig að það höfði til sem flestra barna og unglings.

*Hér er einungis stiklað á stóru. Ef áhugi er á að kynna sér starfsemi Völsungs nánar þá er Jólablað Völsungs gefið út árlega en þar er að finna greinar frá öllum hópum litlum og stórum sem starfa undir merki Völsungs.*

*Fh stjórnar Völsungs  
Sveinn Aðalsteinsson framkvæmdastjóri*

## Mývetningur, íþrótt- og ungmenningarfélag

Á aðalfundi félagsins sem haldinn var í Skjólbrekku í mars, urðu engar breytingar á stjórninni. Stjórnina skipa:

Jón Elvar Steindórsson formaður  
Kolbrún Ívars dóttir gjaldkeri  
Ásdís Jóhannesdóttir ritari  
Jón Óskar Ferdinandsson meðstjórnandi  
Hrefna Sigurgeirs dóttir meðstjórnandi

Þó nokkrir fundir voru á árinu og einkaritari formanns var dugleg að senda tölvupósta fyrir hann.

Starfið var með nokkru hefðbundnu sniði og undan farin ár.

### Skíði:

Um áramótin lét Þorvaldur Þorsteinsson af störfum sem þjálfari. Stjórnin vill þakka honum fyrir hans góðu störf fyrir skíðadeildina.

Nýir þjálfarar eru þau Stefán Gunnarsson og Eyrún Björnsdóttir.

Öflugt starf var á skíðasvæðinu undir handleiðslu þeirra. Alls stunduðu 14 krakkar æfingar fram að vori. Að venju tóku Mývetningar þátt í nokkrum móturnum. Má þar nefna Oddskarðsmót, Björnsmót í Stafdal og Andrésar andar leikunum á Akureyri. Að venju voru krakkarnir dugleg að sanka að sér verðlaunum. Vetrinum lauk með árlegum Guffaleikum, sem er árlegt innanfélagsmót. Voru þetta tólf tu leikarnir.

### Fótbolti:

Um fótboltagjálfun yfir vetrartímann sá Jón Elvar Steindórsson en um sumarþjálfunina sá Daníel Baldvinsson. Um 28 krakkar æfðu fótbolta, í tveimur flokkum.

Keppt var á ýmsum móturnum hér Norðanlands.

**5.**og 6. flokkur kepptu á Goðamóti á Akureyri og Nikulásarmóti á Ólafsfirði. Einnig tók 6. flokkur þátt í Íslandsmóti í sjö manna bolta og komst í úrslit í Norður- og Austurlandsriðli.

**Sundnámskeið:**

Vegna mikillar eftirspurnar var ákveðið að bjóða aftur upp á sundnámskeið. Þau Hákon Fannar Ellertsson og Soffía Kristín Björnsdóttir sáu um kennsluna líkt og árin á undan. Þau eru bæði nýútskrifuð frá Íþróttakennaraháskólanum á Laugarvatni.

**Frjálsar:**

Nokkur börn stunduðu frjálsar íþróttir á árinu og sóttu æfingar hjá HSP á Laugum. Nokkrir krakkar sóttu frjálsíþróttaskóla UMFÍ, sem haldinn var á Laugum í summar.

**Glíma:**

Glímuæfingar voru á Laugum og voru vel sóttar. Fóru menn á nokkur móti og skiliðu mjög góðum árangri.

**Blak:**

Blakæfingar héldu áfram á árinu. Konurnar fóru á Öldungarmótið, sem haldið var í Eyjum. Þær stóðu sig með prýði og unnu sinn riðil og fóru upp um tvær deildir. Nýr þjálfari bættist við hópinn um haustið, Kristinn Haraldsson. Mikil aðsókn hefur verið á æfingar og stelpurnar duglegar að sækja móti á Norðurlandi, hefur þeim gengið mjög vel. Soffía Kristín Björnsdóttir hefur séð um blakæfingar fyrir krakka í 6.-10. bekk. Hefur það verið vel sótt.

**Leikjanámskeið:**

Soffía Kristín Björnsdóttir sá um leiki og æfingar fyrir börn frá 5-9 ára, einu sinni í viku. Var það vel sótt.

Félagar úr Mývetningi unnu að venju við Orkugöngu og Mývatnsmarathon.

Fjároflun var með hefðbundnu sniði og var haldið páska- og jólabingó. Einnig var seldur salernispappír.

Á aðventunni voru krakkarnir dugleg að selja ýmsan varning fyrir skíðaferð sem farin var í janúar 2012.

Eins og undanfarin ár snýst starf félagsins að mestum hluta um íþróttaiðkun barna- og unglings. Er það vel þar sem íþróttaiðkun barna er einhver sú besta forvörn sem völ er á og mikilvægt er að foreldrar séu tilbúnir að styðja börnin sín við íþróttaiðkun og fylgja þeim á móti og aðrar uppákomur sem tengast íþróttastarfini.

Að lokum vill ég þakka meðstjórnendum mínum og foreldrum fyrir gott samstarf á liðnum árum og óska nýrri stjórn og nýjum formanni velfarnaðar á komandi árum.

**Fyrir hönd Mývetnings,  
Jón Elvar Steindórsson, formaður**

## Skákfélagið Goðinn

Árið 2011 hefur verið skákfélagini Goðanum gjöfult. A-sveitin vann sig upp í 2. deild í mars 2011 og nú þegar fyrri hluta Íslandsmóts skákfélaga 2011-2012 er lokið, er staðan A-sveitarinnar í 2. deild mjög vænleg og nánast öruggt að Goðinn tefli fram liði í 1. deild keppnistímabilið 2012-13 í fyrsta skipti í sögu félagsins. B-sveitinni mistókst að komast upp úr 4. deildinni í mars sl. eftir frekar óvænt tap í lokaumferðinni. Staða B-sveitarinnar í mótinu 2011-2012 er vænleg fyrir seinni hlutann, en B-liðið er í 4. sæti og þarf að ná 3. sætinu til þess að fara upp í 3. deild. það skal takast á Selfossi í mars 2012.



Enn fjölgaði félagsmönnum á árinu en nú um áramót eru 55 skákmenn skráðir í félagið. Enginn skákmaður yfirgaf félagið á árinu, en einn af stofnendum Goðans, Jóhann Sigurðsson, lést í janúar. Eftirtaldir gengu til liðs við Goðann á árinu. Sigurður Daði Sigfússon, Hlíðar Þór Hreinsson, Stephen Jablon, Sigurgeir Stefánsson og Arnar Grant Gríðarlegur liðstyrkur var í þeim Sigurði Daða og Hlíðari Þór og leiddi Sigurður Daði A-sveitina í deildarkeppninni á fyrsta borði í október. Hlíðar kom inn í A-sveitina og styrkti hana mikil. A-liðið er nú orðið það sterkt að hægt er að stilla upp liði þar sem enginn er undir 2200 stigum. Stephen er fyrsti erlendi skákmaðurinn sem gengur til liðs við Goðann. Hann tefldi í B-liðinu. Nokkrar deilur urðu í kringum hans félagsskipti í haust, en að lokum úrskurðaði mótsstjórn Íslandsmóts skákfélaga hann löglegan með Goðanum eftir þó nokkuð þras. Arnar og Sigurgeir gengu til liðs við Goðan nú á haustdögum en hafa ekki teflt í deildarkeppninni enn sem komið er. Július Besson gekk svo til liðs við okkur nú í janúar 2012.

Mótahald var með miklum blóma á árinu. Jakob Sævar Sigurðsson varð skákmeistari Goðans á skákþinginu í febrúar. Rúnar Ísleifsson vann sigur á Páskaskákmóti Goðans sem haldið var í fyrsta skipti á árinu. Smári Sigurðsson varð heraðsmeistari HSP í skák 2011 og Jakob Sævar varð hraðskákmeistari Goðans í desember. Valur Heiðar Einarsson varð heraðsmeistari HSP í flokki 16 ára og yngri og Snorri Hallgrímsson varð skákmeistari Goðans í flokki 16 ára og yngri. Fjölmennt sumarskákmót var haldið í Vaglaskógi þar sem nágrannar okkar frá SA fjölmenntu. Landskeppni við Færeyinga var svo haldin í ágúst á Húsavík, en þar var fyrri umferðin tefld. Þrír skákmenn frá Goðanum tefldu fyrir Íslands hönd í keppninni. Það voru þeir Sigurður Daði Sigfússon, Jakob Sævar Sigurðsson og Smári Sigurðasson. Fyrr um daginn var farið með Færeyinganna í skoðunarferð í Mývatnssveit og svo bauð Goðinn öllum upp á kjötsúpuveislu á Húsavík. Framsýnarmótið var haldið í október og mættu 18 keppendur til leiks og þar af 5 frá nágrönum okkar í SA. Mótið heppnaðist í alla staði vel en Sigurður Daði Sigfússon stóð að lokum uppi sem sigurvegari. Einar Hjalti Jensson kom tvisvar til Húsavíkur á árinu. Í fyrra skiptið tók hann félagsmenn í almennar stúderingar í júlí mánuði, en í september heimsókninni var skipulögð sérstök skákhelgi þar sem félagsmenn gátu pantat einkatíma og svo var boðið upp á hópstúderingu bæði kvöldin. Þetta heppnaðist afar vel og voru félagsmenn ánægðir með heimsóknir Einars Hjalta.

Hermann Aðalsteinsson formaður Skákfélagsins Goðans

## Skotfélag Húsavíkur

Skotfélag Húsavíkur hefur aldrei veriðs tærra heldur en nú, 57 félagsmenn og ber að fagna því.

Aldrei hefur sumarið byrjað eins snemma og nú, var starfsemin komin á fullt skrið mánaðamótin mars/apríl og stóð út ágúst. Skotið var um 37.000 leirdúfur á árinu og er það talsverð aukning frá síðasta ári. Haldin voru 6 leirdúfumót á árinuog 1 riffilmót og gengu þau öll vel og voru að meðaltali 14 keppendur á móturnum hjá féluginu.

Langþráður draumur rættist á árinu þegar fyrsta STÍ móti var haldið á Húsavík helgina 18.-19. júní og mættu til leiks 22 keppendur og gekk það allt vel. Félagsmenn okkar fóru og kepptu aðra hvora helgi á móturnum á vegum STÍ frá apríl og fram í ágúst. Sem gekk vel og eignum við eftir sumarið einn Íslandsmeistara sem jafnframt varð bikarmeistari í sínum flokki. Einnig náðu 2 félagsmenn að hækka sig upp um styrkleikaflokk.

Framkvæmdir á árinu voru þónokkrar og ber þar hæst að nefna að við fengum nýjar promaticvélar á leirdúfusvæðið sem er gjörbylting fyrir félagið. Einnig var riffilbrautin endurbætt og löguð. Áhugi er mikill í féluginu og aldrei eins margir stundað sportið eins mikið og nú og vonumst við til að komandi ár verði enn betra og okkar félagsmenn nái enn betri árangri á komandi sumri.



## Ungmennafélag Langnesinga

Hjá Ungmennaféluginu störfuðu alls 13 þjálfarar í mis langan tíma á árinu 2011 í fótbalta, körfubolta, frjálsum íþróttum og leikjaskóla, og viljum við þakka þessu góða fólk fyrir samstarfið á liðnu ári. Fyrirkomulagið á æfingunum síðasta veturnar og sumar voru með sama sniði og undanfarin ár. Allir flokkar í fótbalta fengu 2 æfingar í viku sem og iðkendur í frjálsum íþróttum.



Ungmennafélagið hefur lagt mikla áherslu á að fá til sín fólk sem hefur áhuga og vilja til að taka að sér verkefni á borð við þjálfun. Margt gott fólk hefur starfað sem þjálfarar hjá féluginu og vonandi verður það áfram.

Ungmennafélagið hélt sömu æfingagjöldum hjá sér árið 2011 líkt og síðustu 3 ár þar á undan. Ákveðið var að halda systkynaafslættinum þ.e.a.s. þriðja barn, fjórða barn o.s.frv. í fjölskyldu borga ekki æfingagjöld. Ungmennafélagið var með eitt gjald fyrir alla iðkendur á allar þær æfingar sem eru í boði hvort sem um var að ræða fótbalta, frjálsar eða afreksskólann.

Aðalfundur var haldin í mars þar sem ný stjórn var kosin til eins árs.

Nú síðasta sumar var mikið og gott starf unnið hjá UMFL. Félagið hélt úti þremur liðum í íslandsmóti í fótbalta og voru það 3. flokkur karla og kvenna og svo 4. flokkur karla. Þessi flokkar náðu fínnum árangri í sumar en vert er að taka fram að drengirnir sem núna skipa 3. flokk komust í þriðja sinn í úrslit í íslandsmóti á jafn mörgum árum.

Frjálsar íþróttir voru stundaðar síðasta vor og sumar. Yngri flokkurinn í frjálsum fór til Húsavíkur á héraðsmót HSþ í frjálsum og heppnaðist sú ferð afar vel. Það var mjög góð mæting á þetta mótt og krakkarnir okkar voru að ná í fullt af stigum fyrir okkar félag. Þessi ferð var frumraun margra og er það stórr sigur að fá svona góða þátttöku og að sjá svo þessa krakka koma brosand til baka og segja manni frá hvernig ferðin gekk.

Næsta mótt var hið árlega Ásbyrgismót. Þar áttum við fullt af keppendum í fótbolta og frjálsum. Frjálsíþróttakeppnin gekk ágætlega að ég held en enþá hef ég ekki frétt hvernig úrslit mótsins voru þrátt fyrir að hafa ýtrekað reynt að fá þær upplýsingar með hringingum og póstsendingum. Hins vegar var haldinn fundur á Raufarhöfn í veturn með fulltrúum allra félaga sem koma að Ásbyrgismótinu og ákveðið að gefa þessu góða móti nýtt líf í framtíðinni. Ákveðið var að hvert félag fyndi sinn fulltrúa í svokallaða undirbúningsnefnd og hefur UMFL fengið Kristinn Lárusson til að vera sinn fulltrúi í henni.

Leikjanámskeið var haldið hjá féluginu í ágústmánuði fyrir yngstu börnini og heppnaðist það einkar vel.

Afreksskóli var stofnaður hjá féluginu þar sem frjálsar og fimleikar eru stundaðar og hefur þessi skóli heppnast afar vel líkt og leikjanámskeiðið. Mikil og góð mæting hefur verið í skólann og er fólk almennt mjög ánægt með þessa nýju nálgun á frjálsum íþróttum og fimleikum.

Fjáraflanir hafa verið með sama sniði og síðustu ár. Seldar voru rækjur, félagið var með bás á jólamarkaði, félagið sá um hátíðarhöld á 17. júní, félagið var með grill á kátum dögum sem og dósasöfnun í lok árs.

Í lokin á þessari yfirferð viljum við þakka öllu því góða fólk sem hefur komið að sterfsemi félagsins á liðnu ári. Margir góðir hlutir hafa verið gerðir hjá féluginu en auðvitað má alltaf gara betur einhversstaðar eða hlutir ganga ekki upp en þannig er nú bara lífið. Einnig viljum við þakka öllum styrktaraðilum okkar sem standa þétt við bakið á okkur.

Þótt að mikið og gott starf hafi verið unnið á síðustu árum í íþróttamálum hér á Þórshöfn þá má aldrei stoppa heldur horfa alltaf fram á veginn og muna að margar hendur vinna létt verk. Í framtíðinni vill félagið vera með metnaðafulla þjálfara í vinnu sem koma undirbúnir í vinnuna og halda einnig uppi aga. Einnig eru mörg framtíðarverkefni sem eru í skoðun svo sem að stofna siglingarklúbb(kanó), koma upp motorcrossbraut, koma upp skotsvæði, hrinda í framkvæmd Langaneshlaupi og finna húsnæði fyrir starfsemi félagsins.

Ungmennafélagskveðjur  
Stjórn UMFL

# Ungmennafélagið Austri



## Æfingar

Á tímabilinu janúar til maí voru þrjár íþróttæfingar á viku. Jóhann Skagfjörð Magnússon sá um frjálsíþróttæfingar einu sinni í viku fyrir krakka á öllum aldri og Róbert Bjarnason sá um fótbaltaæfingar fyrir eldri krakkana einu sinni í viku og leikjanámskeið fyrir þau yngri einu sinni í viku. Þar að auki kom fullorðna fólkið saman einu sinni í viku og spilaði blak.

Sumaræfingar voru í höndum Páls Þormars en æfingar voru alla daga frá mánudegi til fimmtudag. Hjá yngri hópnum var boðið upp á íþróttanámskeið þar sem lögð var áhersla á að prófa sem flestar íþróttagreinar og skemmta sér saman í leikjum. Hjá eldri hópnum var boðið upp á fótbalta- og frjálsíþróttæfingar til skiptis.

Eftir sumarfrí hófust svo íþróttæfingar á nýjan leik í lok september. Vegna breytrra aðstæðna sá Róbert Bjarnason sér ekki fært að sjá um fótbaltaæfingar lengur. Er Róbert þakkað framlag sitt til félagsins á liðnum árum. Jóhann hélt áfram með frjálsíþróttæfingar fyrir allan aldur, sem voru nú tvísvar sinnum í viku. Stjórnin leitaði víða að heppilegum fótbaltaþjálfara en varð ekki ágengt. Tvær síðustu vikurnar fyrir jól var þó boðið upp á fjórar fótbaltaæfingar í umsjón Jóhanss.

## Mót ársins

Fyrsta mótt ársins sem Austri tók þátt var *Héraðsmót HSP 18 ára og yngri* í frjálsum íþróttum sem fram fór á Húsavík þann 4. apríl. Alls kepptu tólf krakkar fyrir Austra. Þau stóðu sig öll mjög vel og varð Austri í öðru sæti í stigakeppninni.

Ásbyrgismótið fór fram helgina 8.-10. júlí. Að venju fjölmennti Austrafólk í Ásbyrgi og átti saman afskaplega ánægjulega helgi. Keppendur Austra, ungr sem aldnir, stóðu sig afskaplega vel og fór svo að lokum að Austri vann heildarstigakeppnina milli félaga.

Nóvembermót HSP í frjálsum íþróttum var haldið þann 13. nóvember og átti Austri þrettán keppendur á því móti. Eins og venja er stóðu krakkarnir sig vel og voru féluginu til mikillar prýði.

Austrafólk ferðaðist og keppti víðar á árinu. Þau Birgir Þór Björnsson, Brynja Dögg Björnsdóttir, Dagný Ríkharðsdóttir og Helga Bergsdóttir tóku þátt á *Unglingalandsmóti UMFÍ* sem að þessu sinni fór fram á Egilsstöðum. Dagný keppti auk þess á *Stórmóti ÍR* í janúar, *Sumarleikum HSP, Héraðsmóti utanhúss á Laugum og á Bogamótinu* auk þess sem hún og Brynja fóru á *Meistaramót Íslands 11-14 ára* í frjálsum íþróttum. Auk þessu fóru Friðrik Þór Ragnarsson og Hákon Breki Harðarson í *Knattspyrnuskóla Arsenal* sem haldinn var á Akureyri.

## Aðalfundur og stjórn

Aðalfundur fyrir árið 2010 var haldinn þann 10. mars í Grunnskóla Raufarhafnar. Svava Árnadóttir óskaði ekki eftir áframhaldandi setu í stjórn og er henni þakkað sitt framlag til félagsins. Birna Björnsdóttir kom inn í stjórnina á nýjan leik í hennar stað. Berglind

Friðbergsdóttir létt af embætti formanns en situr áfram í stjórn og við formennsku tók Jóhann Skagfjörð Magnússon. Berlindi er þakkað fyrir störf sín sem formaður.

Stjórnin starfsársins 2011 skipuðu því Jóhann Skagfjörð Magnússon formaður, Olga Friðriksdóttir gjaldkeri og Berglind Friðbergsdóttir, Birna Björnsdóttir og Kristín Þormar Pálsdóttir meðstjórnendur.

Sex formlegir stjórnarfundir voru haldnir á árinu ásamt fjölmögum óformlegum, bæði augliti til auglits og í gegnum síma. Tvö stærstu verkefni stjórnarinnar á þessu ári voru innkaup á nýjum frjálsíþróttabúnaði, en KEA styrkti kaupin og fær fyrir það kærar þakkar, og undirritun samstarfssamnings við Norðurþing. Markmið samngingsins er að Umf. Austra verði áfram gert kleyft að vinna að góðu og markvissu starfi er víkur að framgangi íþrótta innan Norðurþings.

### Aðrir viðburðir

Eins og venja er orðin sað Austri um framkvæmd Kvennahlaupsins á Raufarhöfn laugardaginn 4. júní. Vegalengdirnar sem boðið var upp á voru 3, 5 og 7 km. Gríðarlega góð þátttaka var í hlaupinu, um 40 konur. Hlaupið var haldið á Sjómannadaginn og á hátíðarhöldunum seldi Austrafólk sælgæti og blöðrur með ágætum árangri.

Þann 11. júní var Austradagurinn haldinn í fyrsta skiptið. Þá fengum við bæjarbúa í lið með okkur við að taka íþróttavöllinn okkar í gegn, en viðhald á honum hefur verið lítið að undanförnu. Mikill fjöldi íbúa mætti og lagði hönd á plóg og miklu og góðu verki var komið til skila. Að vinnu lokinni bauð Austri öllum upp á grillaða hamborgara og gos áður en iðkendur Austra fengu viðurkenningu fyrir fyrir árið 2010. Allir þeir sem tóku þátt í starfi Austra á árinu 2010 fengu þáttökupening auk þess sem veittur var bikar í þremur flokkum; Brynja Dögg Björnsdóttir fékk viðurkenningu fyrir framfarir, Birkir Rafn Júlíusson fyrir ástundun og framfarir og Friðrik Þór Ragnarsson var valinn íþróttamaður Austra.

Sú hefð hefur skapast á Raufarhöfn að 17. júní hátíðarhöld hafi verið í umsjón Austra. Sú sérstaka staða kom upp á árinu að allir stjórnarmenn Austra voru fjarverandi þennan dag, og var það ljóst með löngum fyrirvara. Engu að síður voru allar ráðstafanir gerðar til þess að hátíðarhöldin færðu fram, en af óviðráðanlegum orsökum urðu þau ekki að veruleika að þessu sinni. Salan á Sjómannadag og Austradagurinn voru þó mótvægi við þessu. Stjórn Austra er ákveðin í því að næstu ár muni félagið halda 17. júní hátíðarhöld.

Stjórn Umf. Austra 2011

## Ungmennafélagið Bjarmi



Aðalfundur Bjarma var haldinn í Gamla Barnaskólanum í Skóum þann 20. apríl 2011. Góð mæting var á fundinn, fíðrugar og skemmtilegar umræður. Stjórn Bjarma skipa nú, Birna Davíðsdóttir formaður, Helen Jónsdóttir ritari og Jón Þórir Óskarsson gjaldkeri.

Ekki þurfti að skipa nýtt fólk í nefndir þetta árið þar sem skipað var til tveggja ára á vordögum 2010. Formenn nefnda til loka maí 2012 eru: Vallarnefnd Stefán Tryggvason, frjálsíþróttanefnd Helen Jónsdóttir, ballnefnd Ingvar Kristjánsson, húsnefnd Arnór Erlingsson, íþróttanefnd Ósk Helgadóttir, spilanefnd Þuríður Davíðsdóttir, knattspyrnunefnd Guðbergur Kristjánsson og ferðapjónustunefnd Sigrún Jónsdóttir. Í byrjun maí kynnti Bjarmi starfsemi sína fyrir stjórn og varastjórn HSP. Um miðjan júní hittust Bjarmafélagar á Bjarmavelli og snyrtu og fegruðu svæðið fyrir sumarið. Þá var einnig fundur formanna þeirra nefnda sem starfa yfir sumartímann.

Leikjanámskeið voru í sumar fyrir yngri börn og voru leiðbeinendur Gunnhildur Björnsdóttir og Erna Sigrún Valgeirs dóttir. Þá hittist unga fólkidó okkar einu sinni til tvisvar í allt sumar og spilaði fótbalta á vellinum, umsjón með því hafði knattspyrnunefndin okkar. Einnig var boðið upp á keyrslu sem Helen Jónsdóttir sá um, á frjálsíþróttæfingar á Laugum. Einhverjur Bjarmafélagar mættu á Unglingalandsmótið á Egilsstöðum og vonum við að fleiri mæti á Selfoss í sumar. Þetta er frábær fjölskylduskemmtun og virkilega gott forvarnarstarf.

Björgunarsveitin þingey hélt Fjögurra skóghalaup 23. júlí, sem Bjarmi kom að með þeim hætti að hlaupið endaði á vellinum okkar, hlaupið gekk stórvél og vonum við að það verði árlegt. Hjóladagur og Bjarmaparty voru 26. ágúst í rigningu en mildu veðri. Ekki leit út fyrir mikla þátttöku en úr rættist og áttu þeir sem mættu yndislega stund saman.

Fjölmörg börn stundaði íþróttæfingar í Stórutjarnaskóla á veturna á vegum Bjarma, þar má nefna fótbalta, blak, körfubolta og íþróttanámskeið. Í apríl fór Olga Siminyakina með blaklið til Reykjavíkur á Íslandsmeistaramót og aftur í haust til Neskaupstaðar. Þessar ferðir gengu mjög vel. Á nóvembermót HSP í frjálsum fór a.m.k. einn Bjarmafélagi og gekk vel. Afrekskonan okkar, Hafdís

Sigurðardóttir, fór á fjölmörg móti á árinu og er of langt mál að telja upp afrek hennar hér, en hún stóð sig virkilega vel á árinu og erum við afar stolt af henni.

Bjarmafólk stundaði ýmsar íþróttir á öðrum vettvangi s.s. blak, fjallgöngu, gönguferðir sund og aðrar almenningsíþróttir.

Bjarmaball var haldið í lok október og var mjög vel sótt og fór afskaplega vel fram.

*Myndir: Frá hjóladegi og Bjarmaparty 26. ágúst 2011*



Fyrir hönd stjórnar Bjarma, Birna Davíðsdóttir

## Ungmennafélagið Efling

Starfsemi Eflingar var að venju fjölbreytt á árinu. Leikdeild Eflingar setti upp verkið West Side Story eftir Arthur Laurents og Stephen Sondheim við tónlist Leonard Bernstein. Arnór Benónýsson var ráðinn leikstjóri og Jaan Alavere tónlistarstjóri. Verkið var frumsýnt 17. mars á Breiðumýri. Í sýningunni tóku þátt 35 leikarar, margir að stíga á svið í fyrsta sinn en aðrir komnir með töluverða reynslu þrátt fyrir



Benónýsson um að semja og setja upp leikrit með tónlist frá árunum 1950 -1980. Pétur Ingólfsson var ráðinn tónlistarstjóri og auk hans voru Jaan Alavere og Þórgnýr Valþórsson ráðnir í hljómsveit. Æfingar standa nú yfir af fullum krafti og stefnt er að frumsýningu fyrri hluta mars.

Á aðalfundi félagsins var lögð fram tillaga um að kanna áhuga annarra ungmannafélaga í Þingeyjarsveit fyrir sameiginlegri hátíðardagskrá á Laugavelli í tilefni þess að 200 ár væru liðin frá fæðingu Jóns Sigurðssonar. Niðurstaðan varð sú að hátíðin var auglýst í nafni allra félaganna, en framkvæmdin var alfarið í höndum Eflingar og Einingarinnar úr Bárðardal auk þess sem fulltrúi frá Gaman og alvöru sat undirbúningsfundi. Dagskráin var með hefðbundnu sniði og hófst klukkan 13 með blöðrusölu og andlitsmálningu í Kjarna. Skrúðganga var farin niður á íþróttavöllinn þar sem flutt var ávarp fjallkonu, Jaan Alavere stjórnaði fjöldasöng og Ari Teitsson hélt hátíðarræðu. Því næst voru leikir og þrautir og kerruakstur á íþróttavellinum. Grillaðar pylsur, Svalar, gos og nammi til sölu. Á eftir var bíósýning þróttó fyrir börnin og kaffihlaðborð í Dalakofanum. Frítt var í sundlaugina á Laugum allan daginn í boði Þingeyjarsveitar.

Starfsemi íþróttanefnar Eflingar yfir vetrarmánuðina hefur fyrst og fremst miðað að því að þjónusta börn á grunnskólaaldri. Náið samstarf hefur verið á milli félagsins, grunnskólans og íþróttabräutarar Framhaldsskólans á Laugum varðandi framkvæmd æfinganna. Þær hafa verið í umsjá nemenda íþróttabräutarinnar, sem hluti verknáms undir stjórn íþróttakennara skólans. Æfingar hafa verið strax að loknum skóladegi og gerir þessi tímasetning það að verkum að yngstu nemendurnir geta nýtt sér akstur skólabíla að æfingu lokinni. Yfir sumarið hafa börn úr Reykjadal sótt fótbaltaæfingar í Aðaldal, Mývatnssveit og Húsavík en frjálsar íþróttir stundaðar undir merkjum HSP á Laugum. Þá veitir félagið árlega ungum félagsmönnum styrk úr þórdísarsjóði til þess að taka þátt í Unglingalandsmóti UMFÍ. Að þessu sinni voru fjögur ungmenni styrkt til þátttöku.

ungan aldur. Ásamt unga fólkini tóku einnig þátt nokkrir afreynndustu mönnum leikdeildarinnar. Í hljómsveitinni voru þrír hljóðfærileikarar og að tjaldabaki vann stór hópur fólks, en um 60 manns komu að sýningunni með einum eða öðrum hætti. Sýningar urðu alls 12 og sáu 1045 manns verkið. Á haustdögum var ákveðið að ganga til samninga við Hörð Pór

Á haustmánuðum stóð Efling fyrir kynningu á bogfimiíþróttinni. Í framhaldinu hafa verið haldin nokkur byrjendanámskeið undir stjórn Guðmundar Smára Gunnarssonar, sem verið hefur í fremstu röð í íþróttinni undanfarin ár. Alls hafa um 40 manns mætt eða skráð sig á námskeið Eflingar. Þá stunda nú rúmlega 20 framhaldsskólanemar bogfimi sem valáfanga í skólanum. Til þess að hægt sé að stunda íþróttina hefur félagið fest kaup á nokkrum bogum, skotskífum og fleiri áhöldum sem til þarf. Tveir keppendur frá Eflingu tóku þátt í Reykjavík International Games (RIG) 2012 í janúar. Þar endaði Guðmundur í öðru sæti og Þorsteinn B. Aðalsteinsson varð áttundi. Að öllum námskeiðum loknum er ráðgert að hefja skipulagðar æfingar á vegum Eflingar.

Þá er einnig starfandi á vegum félagsins umhverfisnefnd sem stendur fyrir árlegri hreinsun meðfram þjóðvegum í Reykjadal. Að þessu sinni var þetta gert í byrjun júnímánaðar. Að lokinni hreinsun var boðið til grillveislu á Breiðumýri.

Auk þess sem hér hefur verið minnst á þá stendur félagið fyrir árlegri félagsvist á milli jóla og nýárs. Að þessu sinni mættu 48 manns og því spilað á 12 borðum. Þá stóð félagið fyrir söfnun undirskrifta til þess að mótmæla hraðakstri í gegnum Laugahverfið og afhenti sveitarstjóra. Félagið gerir ráð fyrir að fylgja þessum mótmælum eftir af fullum þunga þar til úrbætur hafa verið gerðar.

Stjórn félagsins skipa þau Baldur Daníelsson, formaður, Ingólfur Sigfússon, ritari og Kristrún Kristjánsdóttir, gjaldkeri.

## Ungmennafélagið Einingin

Þorrablót var haldið í byrjun þorra og var mæting góð. Haldið var skemmtikvöld þar sem sýnd voru brot af upptökum af gömlu þorrablótum og er þetta í annað sinn sem slíkt skemmtikvöld er haldið. Haldið var upp á þjóðhátiðardaginn í samvinnu við hin ungmannafélogin í Þingeyjarsveit og var hátíðardagskrá á Laugum. Sá Einingin um sölu á grilluðum pylsum. Venja hefur verið að halda daginn hátíðlegan í skógarreit félagsins í Halldórsstaðaskógi og til að hópa fólk saman í skógin var ákveðið að halda skógardagi í skógarreitnum seinna um sumarið en ekkert varð úr þeim áætlunum, aðallega þar sem sumarið var frekar kalt og fáir dagar sem komu til greina. Unnið var áfram við að setja upp leiksvæði skammt sunnan við völlinn og er sú vinna enn í gangi. Fyrir jólin tók Einingin þátt í aðventudegi og soldi greinar, var með happadrætti og kökusamkeppni.

Áætlað var að hafa íþróttu/leikjaæfingar fyrir yngirbörn seinnipart sumars en þeim var frestað vegna veðurs og ákveðið að hafa þær næsta sumar. Fótbolti var spilaður vikulega á vellinum í sumar og var þátttaka góð að vanda. Einingarmeðlimir ásamt fleiri fótboltaáhugamönnum spiluðu einnig fótbolta einu sinni í viku s.l. vetur í íþróttihúsini á Laugum. Eins æfa nokkrir krakkar körfubolta, blak og sund á Stórutjörnum. Íþróttamenn frá Einingarinnar stóðu sig að venju með miklum sóma hvar sem þeir tóku þátt á móturnum og stóðu sig vel. Eins og áður stóð Þorsteinn Ingvarsson sig vel á móturnum innanlands sem utan enda fyrirmynðar íþróttamaður.



F.h. U.m.f Einingarinnar  
Sigurlína Tryggvadóttir

## Ungmennafélagið Gaman og alvara



Starfsemi félagsins á nýju ári hófst að venju með þrettándagleði sem átti að vera þann 8. janúar en við þurftum að fresta henni til 15. jan vegna veðurs. Samkvæmt venju var brenna og flugeldasýning og að ógleymdu bingói. Einnig voru veittar viðurkenningar m.a. fyrir snyrtilegasta býlið og bestu smákökurnar. Að þessu sinni var ársþing HSþ haldið í Ljósvertningabúð þann 12. mars og fengum við Kvenfélag Ljósvertninga til að sjá um mat og kaffi. Var þetta mjög vel heppnaður dagur. Það verður að viðurkennast að starfsemi félagsins er ekki upp á marga fiska nú orðið. Reyndar var félagsvist spilið en okkur tókst aðeins að spila eitt kvöld og ánægjulegt var hversu góð þátttakan var og kom fólk víða að. Nokkur börn tóku þátt í leikjanámskeiði sem U.M.F. Bjarmi stóð fyrir á Bjarmavelli og skemmtu sér allir vel. Hafdís Sigurðardóttir stjórnaði námskeiði þessu og var því slitið með grillveislum að venju. Einnig stunduðu nokkur börn blak og sund í Stórunjarnaskóla í samvinnu við U.M.F. Bjarma líkt og undanfarin ár. Líknarnefnd sá um að gefa 70 ára og eldri á félagssvæðinu jölagjöf eins og venja er til hvort sem fólk er félagsmaður eður ei. Konfekt frá Nóa Sírius var valið í pakkann þetta árið, en misjafnt er hvað er gefið þó að oftast sé það eitthvað gómsætt!

F.h. U.M.F. Gaman og Alvara  
Hrefna Sævars dóttir  
Gjaldkeri

## Ungmennafélagið Geisli

Starfsemi Geisla var með hefðbundu sniði og undanfarin ár. Aðalstarfsemin snýst um knattspyrnu og voru haldnar innanhúsæfingar yfir vetrartímann fyrir 12 ára og yngri. Um sumarið voru æfingar fyrir alla aldurshópa í knattspyrnu og voru æfingar tvívar í viku. Mæting var þokkaleg fyrri hluta sumars en lakari þegar leið á sumarið, en eins og áður hafa krakkar úr Eflingu einnig verið á æfingum hjá okkur. Hjá okkur er orðið frekar fámennt í sumum aldursflokkum og aldursbilið nokkuð á æfingum. Þá fara nokkrir krakkar til Húsavíkur og æfa með Völsungi og geta þá verið að æfa með sínum jafnöldrum. Ekkert knattspyrnumót var haldið á vegum HSþ á árinu og tókum við því ekki þátt í neinu móti. Starfsemin hjá féluginu snýst eingöngu um knattspyrnu og því var ekkert annað um að vera.

Aðsókn að tjaldsvæði félagsins var þokkaleg í sumar.

Árni Garðar Helgason  
formaður

## Ungmennafélagið Leifur heppni

**Prettándabrennan** árlega var haldin í víkinni við Lónin 6. janúar. Á eftir var grímuball í Skúlagarði þar sem var dansað, sungið og farið í leiki. Öll börn fengu glaðning.

**Ásbygismót:** 8. – 10. júlí var Ásbyrgismótið haldið á gamla vellinum í Ásbyrgi. Mótið var vel heppnað þrátt fyrir áhyggjur af veðurspá. Keppt var í hinum ýmsu greinum frjálsra íþróttta sem og fótbalta. Veðurspá hafði áhrif á mætingu en ekki var sami fjöldi á mótinu og undanfarin ár. Leifur heppni sá um sjoppuna, sem er aðal tekjulind félagsins.

**Íþróttæfingar:** Frjálsíþróttæfingar á íþróttavellinum í Lundi hófust að þessu sinni í lok maí. Ákveðið var að hefja æfingar strax þar sem mæting er yfirleitt betri fyrri hluta sumars. Magnea Dröfn Hlynssdóttir og Silja Rún Stefánsdóttir sáu um æfingarnar þetta árið. Börnin eru á aldrinum 5 – 16 ára og mættu allt að 20 manns á æfingarnar. Æfingarnar voru haldnar í samstarfi við Ungmennafélag Öxarfjarðar. Rúta sá um að sækja börn heim til sín og keyra á æfingarnar og skila svo aftur heim að æfingum loknum.

**Gönguferðir:** Ungmennafélagið bauð upp á gönguferðir í hverri viku frá júní og út ágúst, á þriðjudagskvöldum kl 20. Þar var meðal annars gengið á Víkingavatnsflæðar, í Garðsborgir, Undirveggjaslóða, Áshöfðahringur, Meiðavallaskógur, með Víkingavatni, Fjallahöfn og svo mætti áfram telja. Mæting var frá 7 og allt að 18 manns í hverri göngu.

**Ferð í Vesturdal:** Þau börn og ungligar sem höfðu tekið þátt í íþróttæfingunum mættu upp í Vesturdal í lok sumars með foreldrum. Þar var farið í leiki, grillaðar pylsur og áttu allir góða stund saman í blíðskaparveðri.

**Skúlagarður:** Ungmennafélagið á salinn í Skúlagarði ásamt Kvenfélagi Keldhverfinga eftir uppgjör á félagsheimilinu á árinu. Fasteignafélagið Skúlagarður sér um aðra hluta byggingarinnar. Enn er unnið að eignaskiptasamningi.

**Viðbót:** Sú breyting hefur orðið að mynduð hefur verið nefnd um Ásbygismót þar sem hvert félag hinna fimm sem eiga aðild að mótinu, leggur til einn nefndarmann. Á þessi nefnd að standa að mótinu og kemur til með að fara yfir heildarskipulag mótsins. Með þessari breytingu missir Ungmennafélagið Leifur heppni sína helstu tekjulind, sjoppuna. Þar með þarf félagið að huga að annarri fjárlöfun til að geta haldið úti íþróttæfingum á sumrin.

**Stjórn:** Inga Fanney Sigurðardóttir – formaður  
Aðalsteinn Örn Snæþórsson – gjaldkeri  
Stefán Viðar Sigtryggsson – ritari

Fyrir hönd Ungmennafélagsins Leifs heppna í Kelduhverfi  
Inga Fanney Sigurðardóttir

